

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 16. apríl 1997 • 15. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Mikið magn fíkniefna fannst við húsléit á Ísafirði

Átta manns handteknir

Lögreglan á Ísafirði gerði leit í húsi einu á Ísafirði á laugar- dag, þar sem grunur lék á að fíkniefnamisferli færi fram. Mikið magn fíkniefna fannst við leitina auk þýfis. Alls fundust ríflega 130 grömm af hassi, rúm ellefu grömm af amfetamíni, tæplega 7 grömm af maríhúana og 100 kannabis-


plöntur sem voru undir hita- lömpum. Þýfið, sem fannst við húsléitina, er talið vera frá ýms- um stöðum, m.a. frá heilsu- gæslustöð í Hafnarfirði.

Alls voru átta manns hand- teknir í tengslum við rannsókn málsins. Fólkið er á aldrinum 30 til 72 ára. Einn íbúa hússins hefur viðurkennt að hafa átt öll

þau fíkniefni og plöntur sem fundust við leitina. Hann hefur neitað að efnin hafi verið ætluð til dreifingar, þau hafi verið ætluð honum einum.

Lögreglustjórinn á Ísafirði fór fram á gæsluvarðhald yfir einum málsaðilanum á sunnu- dag, en kröfunni var hafnað og eru allir hinir handteknir lausir

úr haldi. Lögreglan á Ísafirði hafði fylgst með húsinu og íbúum þess um tíma og var húsléitin gerð í framhaldi af þeirri rannsókn. Flestir þeir sem handteknir voru, hafa áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála. Rannsókn máls- ins stendur enn yfir.



Bakki hf., í Bolungarvík.

Aðalbjörn Jóakimsson, framkvæmdastjóri Bakka

Þessar sameiningarumræð- ur eru mér hulin ráðgáta

Í Degi-Tímanum undir lok síðustu viku, er greint frá því að Aðalbjörn Jóakimsson, framkvæmdastjóri Bakka hf., hafi átt í viðræðum við Sighvat Bjarnason, framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf., í Vestmannaeyjum, um sam- einingu fyrirtækjanna. Í samtali við blaðið segir Sighvatur, að verið sé að ræða um samstarf

fyrirtækjanna í útgerð, en sameining fyrirtækjanna sé nokkuð stærra mál og flóknara. Aðspurður um hvort viðræður hafi átt sér stað á milli eigenda fyrirtækjanna um sameiningu segir Sighvatur: „Um það vil ég ekkert segja, það verður að koma í ljós.”

Aðalbjörn Jóakimsson, framkvæmdastjóri Bakka,

sagðist í samtali við blaðið, ekki hafa séð umrædda frétt og að hún ætti ekki við nein rök að styðjast. „Ég hef ekki séð þessa frétt og þetta er ekki rétt. Við Sighvatur erum ágætis vinir og tölum oft saman, en þetta er úr lausu lofti gripið. Við Sighvatur höfum rætt saman um skipaútgerðir og rekstur fyrirtækja, en hvort

blaðamenn ætla að tengja það einhverri sameiningu, verða þeir að eiga við sjálfa sig. Ég kannast ekki heldur við að neinar viðræður hafi verið í gangi eða séu í gangi um sam- einingu Bakka og Hraðfrysti- hússins hf., í Hnífsdal og Frosta hf., í Súðavík. Þessar samein- ingarumræður eru mér hulin ráðgáta,” sagði Aðalbjörn.



Vorverkin hafin

Ísafjörður

Góð ávöxtun hjá Hrannarmönnum

Eins og komið hefur fram í fréttum, hófust viðskipti með hlutabréf í Samherja hf., á Akureyri á þriðjudag í síðustu viku. Þann dag seldust hluta- bréf fyrir um eina milljón króna á genginu 13,0 til 13,5 sem svarar til 40-50% hækk- unar á gengi bréfanna frá nýafstöðnu hlutafjárútboði, þar sem gengi hlutabréfa í fyrirtækinu var 9,0.

Við samruna Samherja og Hrannar hf., á Ísafirði, fengu

eigendur síðarnefnda fyrir- tækisins hlutabréf að nafn- virði 116,7 milljónir króna í Samherja sem í dag fangilda rúmlega einum milljarði á gengi útboðsbréfa. Miðað við gengi bréfa á Opna tilboðs- markaðnum á miðvikudag í síðustu viku, hafa þau bréf hækkað um tæpar 400 millj- ónir króna á aðeins tveimur vikum. Miðað við viðskiptin í síðustu viku er Samherji hf., 17 milljarða króna virði.



Fyrrum eigendur Guðbjargar hafa ávaxtað fé sitt vel að undanfögnu.

Blaðsíða 4

Nóg við að vera hjá eldri borgurum



Blaðsíða 8

Rakaradúettinn Villi Valli og Sammi




Blaðsíða 13

3X-Stál tekur í notkun nýtt húsnæði



Spurningin

Er mikið um fíkniefnaneyslu eldri borgara Hlynur?



Hlynur Snorrason, lögreglufulltrúi á Ísafirði:

„Nei, mér er ekki kunnugt um það. Þessi ákveðni maður var ekki grunaður um fíkniefnamisferli en vegna þess að hann er íbúi í húsinu sem leitinn fór fram í, þá drógst hann inn í þetta mál.“

Átta manns voru handteknir um helgina þegar lögreglan gerði leit í húsi einu á Ísafirði. Mikið magn fíkniefna fannst, en athygli manna beindist fyrst og fremst að einum hinna handteknu, 72 ára gömlum manni og hefur fréttum af því verið slegið upp í mörgum fjölmiðlum landsins, að ósekju.

Opinberrar rannsóknar krafist á framkvæmdum við gerð snjóflóðavarnargarða á Flateyri

Beiðninni hafnað þar sem hún fellur ekki undir lög um meðferð opinberra mála

Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur hafnað beiðni tveggja Flateyringa, þeirra Guðmundar S. Gunnarssonar, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Flateyri og Önundar Ásgeirssonar, sem búsettur er í Reykjavík, um að fram fari opinber rannsókn á framkvæmd við gerð snjóflóðavarnargarða á Flateyri. Í bréfi tvímenninganna er þess krafist að rannsakaður verði hönnunarþáttur sem og framkvæmdin við byggingu garðanna. Í greinargerð með bréfinu lýsa þeir efasemdum sínum við að garðarnir muni koma að nokkru gagni við að verja byggðina á Flateyri áföllum vegna snjóflóða og spyrja um

ábyrgð hönnuða í því sambandi.

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði, sagði í samtali við blaðið að kærufnið væri á þá leið að um væri að ræða vítaværða misnotkun umhverfisráðuneytisins á opinberu fé. „Það er Alþingi sem fer með fjárveitingavald og Ríkisendurskoðun, sem heyrir undir Alþingi, fer með eftirlit á því hvernig fjárlög eru framkvæmd. Því er ekki hægt að segja að þessi beiðni heyrir undir lög um meðferð opinberra mála um rannsókn á einstökum brotum. Á þeim forsendum var því hafnað að opinber rannsókn færi fram á vegum

sýslumannsembættisins á Ísafirði,” sagði Ólafur Helgi, sem bætti því við að tvímenningarnir ættu málskotsrétt vegna þessa máls til Ríkissaksóknara.

Í bréfi þeirra Guðmundar og Önundar, er lagt til að sýslumaður skipi óháða rannsóknarnefnd sérfróðra manna, sem yfirfara myndi alla þætti málsins og gera tillögur, óháðar yfirstandandi framkvæmd auk þess sem þeir leggja til að fengnir verði kunnugir heimamenn til ráðgjafar. Í greinargerð sinni segjast þeir félagar trúa því að mjög alvarleg mistök hafi átt sér stað við tillögugerð og hönnun umræddra mannvirkja.



Frá Flateyri.

Hótel Ísafjörður

Grænlandskynning á sunnudag

Sunnudaginn 20. apríl kl. 14 verður haldin Grænlandskynning á Hótel Ísafirði á vegum Menningarmiðstöðvarinnar Edinborgar, Hótel Ísafjarðar og Kalak - Grænlandsk-Íslenska félagsins. Á kynningunni mun Grétar Guðni Guðmundsson, formaður Kalak, stikla á stóru í sögu Grænlands auk þess sem sýndir verða handunnir munir frá Grænlandi og bækur um landið. Þá mun Jón

Viðar Sigurðsson, jarðfræðingur og göngugarpur, sýna litskyggnur og segja frá ferð sinni til Grænlands á síðasta sumri. Jón Viðar ferðaðist um Ummannaqsvæðið, meðal annars til Nugaatsiaq og til Kullorsuaq, nyrst í Upernavíkhéraði, sem er á um það bil 74,5 gráðum norðlægrar breiddar. Sunnudagskaffihlaðborð er í boði að kynningu lokinni.

Súðavík

Frosti yfirtekur Álftfirðing

Á aðalfundi Álftfirðings hf., í Súðavík sem haldinn var á mánudag, var samþykkt tillaga stjórnar fyrirtækisins um að fyrirtækið yrði sameinað Frosta hf. Samkvæmt tillögunni mun Frosti yfirtaka rekstur Álftfirðings og eru dagsetningar þess efnis frá og með 1. janúar síðastliðnum.

Álftfirðingur hf., átti og

gerði út togarann Bessa ÍS-410. Annað dótturfyrirtæki Frosta, Þorgrímur hf., átti og gerði út vélbátinn Val ÍS, sem seldur var fyrir stuttu og er ekki fyrirhugað að það fyrirtæki verði sameinað Frosta, a.m.k. ekki að sinni. Ingimar Halldórsson, framkvæmdastjóri Frosta sagði í samtali við blaðið að ástæðan fyrir sameiningu

fyrirtækjanna væri einungis sú að menn væru að styrkja einingar í rekstri.

Á síðasta aðalfundi Frosta hf., var samþykkt heimild til stjórnar fyrirtækisins um að auka hlutfé Frosta um 150 milljónir króna og hefur verið tekin ákvörðun um að fyrirtækið verði skráð á Opna tilboðsmarkaðnum á næstunni.



Bessi ÍS-410.

Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Þingmenn Vestfirðinga krafðir svara

Leiðari

„Línuafllinn minnkaði um helming á þessu fiskveiðarári frá árinu á undan. Mér finnst það vera að koma í ljós sem ég óttaðist að línuútgerð er meira og minna að leggjast af,” sagði Kristján Pálsson, alþingismaður, nýverið í blaðaviðtali. Þingmaðurinn kom inn á afleiðingar fiskveiðistefnunnar: „Línubeitningamenn tapa vinnu sinni, landróðramenn tapa sinni vinnu og sá gæðaaflí, sem allir eru sammála um að komi af línunni, hverfur. Þá mun draga mjög úr útflutningi á ferskum sjávarafli þar sem línuafllinn var uppistaðan. Manni sýnist því þetta allt vera að þróast í hina verstu átt.“

Þetta er harður dómur þingmanns um fiskveiðistefnu stjórnvalda, sem hann sjálfur hefur veitt fulltingi. Meðan Kristján átti heima í Hnífsdal hefði hann örugglega orðað það svo, að það væri allt að fara til andskotans! Síðastliðið sumar skrifaði þessi sami þingmaður grein í DV þar sem hann sagði að það hefði valdið sér „miklum vonbrigðum við breytingu á lögum um stjórn fiskveiða að þar var lætt inn afnámi á svokallaðri línutvöföldun.“ Afsökun þingmannsins um að afnámi línutvöföldunar hafi verið „lætt inn“ er í besta falli aumkunarverð, en segir fyrst og fremst það, sem áður var vítað, að það er víðs fjarri að þingmönnum sé alltaf ljóst hvað þeir eru að samþykkja. Fyrsti þingmaður okkar Vestfirðinga vissi þó betur en kollegi hans af Suðurnesjum enda studdi hann laumuspil sjávarútvegsráðherra.

Í grein sinni benti Kristján m.a. á að með afnámi línutvöföldunar myndu um 60 þúsund dagsverk hverfa í beinum tengslum við útgerðina auk vinnu við vinnslu afli á landi. Og „umhverfisvænasti veiðiskapur, sem völ

er á og (sem er) mjög í takt við þá hugsun sem náttúruverndarsamtök um allan heim hafa varðandi umgengni um auðævi sjávar“ leggjast af. Þetta er nú komið á daginn að mati þingmannsins.

Hvað gera þingmenn Vestfirðinga nú? Og hvað gera aðrir þeir þingmenn, fulltrúar fólks í sjávarplássum víðsvegar um land, þess fólks sem nú sér fram á algjört atvinnuleysi vegna ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um að afnema línutvöföldunina, sem fjöldi þingmanna studdi, meðvitað eða ómeðvitað?

Vandræðalegt yfirklór, að menn hafi gert ráð fyrir að afnámið „myndi leiða til þess að línuafli dreifðist meira yfir árið“ breytir því ekki, að verið er að rústa þann þátt fiskveiða, sem haldið hefur lífinu í öllum smærri byggðarlögum úti á landi. Hvað þarf að gerast til að þingmenn vakni???

BB spyr: Hvað segja þingmenn Vestfirðinga við þessari vitryrilegu fiskveiðistefnu? Hvað ætla þeir að gera? Halda að sér höndum fyrir vinar sakir eða vegna samþyggingar þeirra sjálfra í þinginu? Þingmönnum stendur opið allt það rými hér í blaðinu sem þeir þurfa til að gera grein fyrir afstöðu sinni. Það er ekki nóg að brýna raustina fyrir kosningar og lofa þá öllu fögru!

BB krefur þingmennina svars. Vestfirðingar krefja þá svars, hvern og einn, afdráttar- og umbúðalaust.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.



Hamrahlíðakórinn syngur

Kór Menntaskólans við Hamrahlíð hefur undanfarna daga verið á söngferðalagi um norðanverða Vestfirði. Hefur kórinn komið víða fram og fengið góðar undirtektir. Meðfylgjandi mynd var tekin af kórnum á tónleikum sem hann hélt í Ísafjarðarkirkju á mánudagskvöld.

Ísafjörður

Flóttafólk í eigið húsnæði



Jón Tynes, félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar afhentir Popovic-hjónunum lykklana að íbúð sinni á mánudag.

Fyrsta flóttamannafjölskyldan, af þeim sem komu til Ísafjarðar undir lok júlímánaðar á síðasta ári, hefur fest kaup á eigið húsnæði á Ísafirði. Það eru hjónin Jovana og Zeljka Popovic sem urðu fyrst til og var þeim formlega afhent íbúð í raðhúsi við Stórholt 29 á mánudag.

Popovic-hjónin völdu 14. apríl sérstaklega til þessara tímamóta en þann dag varð yngri dóttir þeirra hjóna, Jovana, tveggja ára. Það var Jón Tynes, félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar, sem afhenti hjónunum lykklana af íbúðinni. Hann sagði í samtali við blaðið að fleiri fjölskyldur hefðu óskað eftir kaupum á eigin húsnæði og átti hann von á að flestar fjölskyldurnar yrðu komnar undir eigin þak áður en langt um liði.

Fjölmargir landar þeirra fögnuðu tímamótunum með Popovic-hjónunum á mánudag sem og öðrum afmælisdegi yngsta fjölskyldumeðlimsins.



Dóttir þeirra hjóna, Jovana, átti tveggja ára afmæli á mánudag. Hér sést hún taka upp afmælisþakka ásamt systur sinni, Milónku.

Fermingartilboð

Fermingarbörn fá 13 tíma
ljósakort á verði 10 tíma

Bjóðum uppá:

U.C.W. Leirvafninga, Strata 3.2.1
Sogæðanudd og Ljósabað

Komið og kynnist frábærri nýjung
í fullkomnum tækjabúnaði, sem
stuðlar að bætri heilsu og vellíðan
Tímabantanir í síma 456 5522


Opnunartími:

Opið virka daga frá kl. 08:00 til kl. 22:00
Laugardaga frá kl. 10:00 til kl. 18:00 (fyrir ljós)
Sunnudaga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 (fyrir ljós)

Líkamleg
heilsa er
grundvöllur
vellíðunar

Sól &
fegurð

Túngötu 3 • Sími 456 5522



Tilkynning um akstur Reykjavík - Ísafjörður

Frá 1. maí næstkomandi

mun Flutningamiðstöð Vestfjarða ehf., í samvinnu við Landflutninga-Samskip hf. hefja reglubundinn akstur með vörur á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Farið verður daglega frá báðum stöðunum.

Vörum verður dreift frá FMV um norðanverða Vestfirði daglega og vörur sóttar á sömu staði. (Þingeyri - Flateyri - Suðureyri - Bolungarvík - Súðavík)

Fyrirtækin munu kappkosta að veita viðskiptavinum sínum og öllum þeim sem flytja þurfa vörur á milli þessarra staða góða og örugga þjónustu.

FMV, hefur aðsetur að Sindragötu 11, Ísafirði, sími 456 4000 og munum einnig hafa umboðsmenn í nærliggjandi þéttbýlisstöðum. Afgreiðsla í Reykjavík er hjá Landflutningum - Samskip að Skútuvogi 8, Reykjavík, sími 569 8400

Landflutningar - Samskip
Skútuvogi 8 • Reykjavík
Sími: 569 8400
Fax: 569 8411

Flutningamiðstöð Vestfjarða ehf.
Sindragötu 11 • Ísafjörður
Sími: 456 4000
Fax: 456 4009

FMV

Samkeppni í allra þágu

Blautt Glimmer

Dior dagar í Snyrtihúsinu

- Frábær vortilboð á Dior dögum
- Glæsileg töskutilboð á Dior dögum
- Gjöf fylgir hverjum maskara á Dior dögum

Krem augnskuggar frá NO NAME - Gott verð -

Álímdu gervi-aughárin komin

Snyrtihús Sóleyjar

Hafnarstræti 9 • Ísafirði • Sími 456 5280

Augnskugga-penslar



Kristján Jóhannesson við eitt verka sinna.



Ágúst Guðmundsson á smíðaverkstæði sínu.

Nóg við að vera

- ef fólk nennir

„Það er föndur hérna þrisvar í viku, á mánuðögum, þriðjudögum og fimmtudögum,“ sögðu konurnar í föndurstofnunni á Hlíf, þegar blaðið heilsaði upp á þær á fimmtudaginn í síðustu viku. „Við erum með allt mögulegt hérna. Heyrðu hvað ertu gamall?“ „Ég er að verða 34 ára í haust,“ svarar blaðamaður.

„Almáttugur, þú þyrftir að vera eldri svo þú gætir komið hingað í föndrið með okkur.“ Það er Álfheiður Guðjónsdóttir sem hefur orðið fyrir konunum. „Þú ættir að koma á morgnana þegar við erum í morgunleik-fiminni. Það væri nú sniðugt. Svo erum við með söngæfingar einu sinni í viku, sem Ágústa Þórólfsdóttir stjórnar og

það eru um tuttugu manns sem eru í söngnum. Það er svo mikið af fólki sem finnst gaman að syngja.“ Já, þær eru hressar konurnar í föndrinu og handavinnan leikur í höndunum á þeim á meðan þær gantast við blaðamann. Þær vinna við ýmiskonar handverk, útsaum, perlusaum og þær mála listavel á efni

og á keramikstytur.

Það er ball í kvöld

- Það er sem sagt nóg um að vera hjá ykkur stelpur. Er leikfimi á hverjum morgni? „Já, það er heilmikið um að vera,“ segir Álfheiður. „Við byrjum á mánudagsmorgnum. Þá er leikfimi í samkomusalnum en við eigum reyndar frí á þriðjudagsmorgnum - þá sofum við

út. Eftir hádegi á þriðjudögum erum við hérna í föndrinu. Það eru margir sem spila og það er alltaf spilað á miðvikudögum. En svo kemur fimmtudagur og þá er aftur leikfimi og föndur. Á föstudagsmorgnum er svo bara hátíð hjá okkur. Presturinn okkar, Magnús Erlingsson, sem er líklega með bestu prestum á landinu, kemur alltaf hérna klukkan tíu og heldur vinafund með fólkinu.

Þar les hann upp og skýrir biblíuna og svo höfum við bænastund og við syngjum með okkar finu söngróddum. Við gerum ekkert á laugardögum nema ef við nenum. Nú, á sunnudögum fara mörg okkar í messu klukkan ellefu og svo er kominn mánudagur aftur.“ - Þú segir að það sé samkomusalur hérna. Er þú ekki haldin böll á laugardagskvöldum? „Nei, það vantar

Pantanasíminn
er 456 3367

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskra skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskra fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 23: 133,8m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34,9m² bílskúr. Verð kr. 8.900.000,-
Bakkavegur 25: 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
Dalbaut 13: 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.500.000,-
Fagraholt 12: 156,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Tilboð óskast.

Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 7.000.000,-
Miðtún 31: 190m² endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús, 4ra



Fjarðarstræti 14: 191m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.200.000,-

herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
Skipagata 11: 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
Strandgata 3: 130,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr. Verð 3.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrjúbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fjótlega. Verð: 7.800.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 6.700.000,-
Túngata 21: 77,5m² 4ra herbergja risíbúð í þrjúbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrjúbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 7.200.000,-
Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 11: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Stórholt 11: 80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 11: 80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
Stórholt 11: 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

Bolungarvík

Hafnargata 124: 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara og bílskúr. Húsið er einangrað og klætt. Verð: 2.500.000,-
Heiðarbrún 4: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.900.000,-
Holtastígur 22: Einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Húsið er laust strax. Verð: 6.500.000,-
Hólsvegur 7: Einbýlishús á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Ljósaland 4: 291m² einbýlishús á fjórum pöllum ásamt bílskúr. Tilboð óskast.
Skólastígur 21: 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 3.800.000,-
Stígahlíð 4: 64m² 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 3.000.000,-
Traðarland 12: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð óskast.
Vítastígur 17: 105m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-
Þjóðólfsvegur 14: Einstaklingsíbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Tilboð óskast.
Puríðarbraut 9: 127m² einbýlishús á einni hæð ásamt 60m² bílskúr. Verð: 6.900.000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra Verð: 6.100.000,-
Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-



Urðarvegur 78: 73m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-



Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-

eiginlega. En það er ball í kvöld. Það koma hérna félög eins og Lions, Kiwanis og kvenfélagið Hvöt og skemmta okkur. Og þá er dansað.“

- Þyrfti ekki að vera ball einu sinni í viku fyrir svona hresst fólk?

„Heyrðu, þá myndum við þurfa að dansa ansi mikið hvor við aðra. Það má ekki segja að karlpeningurinn sé ómerki- legur, en þeir eru svo fáir.“

- Hvar geymið þið karlana núna? Eru þeir ekkert í föndrinu með ykkur?

„Þeir er hérna fyrir handan í smíðaaðstöðunni. Þú verður að heimsækja þá og sjá það sem þeir eru að smíða.“

Og síðan fylgir Elísabet Kristjánsdóttir, forstöðukona vinnustofunnar, blaðamanni yfir í smíðaaðstöðuna. Á leiðinni er hún spurð hvort fönduraðstaðan sé viðunandi?

„Já, hún er bara nokkuð góð. Okkur vantar þó tilfínanlega brennsluofn til að brenna keramikíð. Svona ofn kostar um 140 þúsund krónur og við höfum eiginlega verið að vonast eftir að einhverjir myndu hjálpa okkur við að komast yfir einn slíkan.“

Á smíðaverkstæðinu hittir blaðamaður fyrir þá Ágúst Guðmundsson og Kristján Jóhannesson.

Höfum ekki áhuga

á að sauma út

„Nei, við erum ekkert með konunum í föndrinu, en við getum fengið að vera með þeim ef við tökum að okkur að sauma út, en við höfum ekki áhuga á því,“ segir Kristján.

„Eins og þú sérð þá eru hérna rennibekkir og fullt af verkfærum. Hérna smíða menn allskyns hluti. Sérðu t.d. sófaborðið sem hann Gústi er að smíða. Þetta eru bráðflinkir smíðir.“

- Hvað ert þú að smíða?
„Ég er ekkert að gera. Ég er bara að þússa upp þetta borð hérna. - Eruð þið bara tveir hérna?”

„Nei, blessaður vertu. Þeir eru fleiri eins og Sturla Halldórsson og Grímur Samúelsson o.fl. Grímur er með bókband og ýmislegt fleira hérna.“ Þeir Kristján og Ágúst unnu báðir sem húsa-smíðir, Kristján á Flateyri en Ágúst á Ísafirði. Það kennir margra grasa á verkstæðinu og greinilega hefur mikið vinna verið lögð í marga gripina sem annað hvort eru fullbúnir eða eru í vinnslu. Kristján segist hafa búið á Hlífl í þrjú ár og er nokkuð ánægður með aðstöðuna, en viðurkennir þó fyrir blaðamanni að hann kunnir ekki alveg nógu vel við sig. Hann vill samt ekki útskýra það nánar. Kristján var húsa-smíður á Flateyri í 30 ár, en í 18 ár þar á undan var hann sjómaður.

Þeir hefðu átt að hlusta betur á Öнна

Hvað finnst honum um þróun mála á Flateyri?

„Þetta hékk alltaf yfir okkur á meðan við vorum á Flateyri. Ég flutti úr Dýrafirðinum með foreldrum mínum sex ára gamall. Maður mátti ekki fara upp í Hvamm til að renna sér á sleða ef einhver hætta var talin vera fyrir hendi. Hættan hefur alltaf verið til staðar.“

Hvað segir þú um varnargarðana. Tryggja þeir ekki öryggi íbúanna?

„Það er ekki rétt að þeim staðið. Þeir hefðu átt að hlusta betur á hann Öнна, Önnund Ásgeirsson. Hann hafði rétt fyrir sér.“

Þeir geta ekki búið til þetta A, svo það haldi. Ég hef ekki trú á því. En að taka hryggina og vanda þeim við og láta bara fara úr gilunum og beint niður í sjó, það er leiðin.“

Hefðir þú kannski viljað vera áfram á Flateyri Kristján?

„Nei sérðu til, ég var rekin úr vinnunni sem ég hafði verið í, við viðhald í frystihúsinu. Þegar ég varð sjötugur, þá var ég rekinn heim. Þá hafði ég ekkert við að vera og vegna þess að það losnaði íbúð hérna og ég vissi af þessum öryggisbúnaði, þá keypti ég hana án þess að vita hvað ég væri að fara út í. Nei, allt mitt skyldfólk er allt saman löngu flutt frá Flateyri og ég var einn sem var eftir,“ segir Kristján, en hann og konan hans hafa verið gift í 53 ár og bjuggu þau alla tíð á Flateyri.

Það á að leyfa fullfrísku fólki að vinna

- Þér finnst sem sagt, að mönnum eigi að vera frjálst að vinna eftir sjötugt?

„Já, það er fullt af fólki sem hefur nógan starfskraft þótt það sé orðið sjötugt og það á að leyfa fullfrísku fólki að vinna.“

Það var verkstjóri hjá Hjálmi hf., Gunnlaugur Kristjánsson, sem kunnir á þessa karla. Hann sagði: komdu bara og þú mátt vinna eins og þú vilt. Karl faðir minn, á meðan hann lifði, mátti koma þegar hann treysti sér til að vinna, og flaka fisk og fara heim þegar hann vildi. Þetta var alveg einstakt. Það er alveg voðalegt að þjóðfélagið skuli vera orðið svona. Sjáðu bara alla þessa staði hérna, Ísafjörð, Flateyri, Súðavík og Þingeyri. Allir þessir staðir hérna á Vestfjörðum, byggjast eingöngu á sjávarútvegi. Síðan þegar búið er á loka á þá með vitlausri sjávarútvegsstefnu, þá verður fólk gjaldþrota og það verður að líða allskonar óáran vegna þess. Af hverju megum við ekki veiða eins og við höfum alla tíð gert. Þetta er besta hráefnið sem fæst, línu- og færæfiskurinn, en við fáum ekki að stunda þetta.“

Við erum búin að borga skatt af lífeyrinum

- En hvað finnst þér um réttindi aldraðra. Ertu sáttur við þau?

„Já, en þeir mega ekki taka skatt af þessum

greiðslum til okkar. Við erum búin að borga skatt af peningunum sem við borguðum í lífeyrissjóðina. Það er það eina sem að er, annars er þetta allt í finu lagi.“

Kristján er ósáttur við sjávarútvegsstefnuna, og segir að það eigi ekki að viðgangast að hægt sé að selja fiskinn lifandi í sjónum. „Það á að leyfa smábátunum að veiða með línu og handfærum og þeir eiga að koma með fiskinn svo hægt sé að vinna hann í landi. Það á ekki að vera að flytja hann út til að hægt sé að vinna hann í Englandi og Þýskalandi.“

- En nú er erfitt að manna fiskvinnsluna nema með útlendingum?

„Heyrðu, þegar ég var þarna síðast í frystihúsinu á Flateyri, þá voru útlendingar upp undir 90% af starfsfólkinu. Fólk nenni ekki að vinna. Og unga kynslóðin núna er mikið fólk sem er vant að fá allt hjá pabba og mömmu.“

Þetta er alið upp á vitlausan hátt. Það er búið að troða í hausinn á því að það eigi að vera í námi til þrítugs og þetta kostar svo mikið að þjóðfélagið hefur ekki efni á því. Þetta er samt allt saman ágætt í hófi.“

Það voru mistök að sameina sveitarfélögin

- Finnst þér að það hafi verið rétt ákvörðun að sameina sveitarfélögin, sem myndu Ísafjarðarbæ?

„Nei. Það er nú komið í ljós að það voru mistök. Á Flateyri fékk t.d. fyrrverandi sveitarstjóri ekki einu sinni að vera á skrifstofunni og hann varð að flytja með allt sitt suður til Reykjavíkur. Maður þekkir ekki orðið fólk á Flateyri, vegna þess að það hafa svo margir flutt í burtu. Þetta er eins og á Suðureyri. Eldra fólk fór allt saman þaðan og börnin þeirra fylgdu með. Það var alveg nýtt fólk sem kom og byggði Suðureyri upp. Það eru örfáir sem hafa þrjóskast við, en hitt er allt saman aðflutt.“

Smíðar til að drepa tímann

- Já, Kristján hefur ákveðnar skoðanir á flestu. En nú er Ágúst tilbúinn að taka sér smá hlé, en hann hefur unnið þögn að verki sínu meðan spjallið við Kristján fer fram. Hann sýnir blaðamanni forlíta geirnegldan kistil sem hann er að vinna að og það er augljóst á handverkinu að þarna fer listasmíður. Ágúst býður blaðamanni upp í íbúð til sín og þar tekur hann fram hina ýmsu hluti sem hann hefur smíðað. Þar á meðal eru kistlar í mörgum útgáfum og gífurlega fallegt stíflakkað borð úr mahogny. Þarna eru einnig smækkaðar útgáfur af árabátum undir seglum, en Ágúst segist hafa verið heilan vetur að smíða tvo svona báta. Hann hefur búið á Hlífl í 5-6 sex ár og segist smíða til að drepa tímann og er



Álfheiður Guðjónsdóttir, föndrar af mikilli list.

að í tvo til þrjú tíma á dag. Gripirnir hans Ágúst eru einstaklega fallegir og vel gerðir enda segir hann að það komi fyrir að fólk kaupi af honum hluti til gjafa.

Ágúst segir að hann fari í heita pottinn og sundlaugina í Heilsugæslustöðinni tvisvar til þrisvar í viku. Hann notar ekki lyftuna á Hlífl, vegna þess að hann vill fá hreyfinguna við að labba stigana.

Eigum nóg af fólki sem getur stjórnað bænum

- En hvernig list Ágústi á bæjarmálin og hinn nýja Ísafjarðarbæ?

„Jú, er ekki þessi

sameining bara ágæt? Ég veit ekki betur en það hafi tekist ágætlega með Hnífsdal á sínum tíma.

Þetta verða auðvitað stærrri einingar og menn ráða betur við hlutina, þ.e.a.s. þegar þeir verða gerðir. Það er algjör hörmung hvernig Þingeyri er að fara. Það verður að gera eitthvað, fá fiskveiðheimildir fyrir Þingeyringa, eða nota einhver önnur ráð. Fólk þarf að fá vinnu. Hvernig heldur þú að þetta yrði t.d. í Súðavík ef Frosti legðist niður?”

- Hvað með bæjarmálin og bæjarstjórnina. Hvernig finnst þér menn standa sig?

„Það er of mikið af utanbæjarmönnum í

þessu. Ég held að við eigum nóg af fólki sem getur stjórnað bænum.“

- Er eitthvað sem þér finnst vanta í aðstöðuna hér á Hlífl?

„Það má auðvitað alltaf gera kröfur. En þetta er allt í lagi ef við fáum að vera í friði og það er hlúð vel að okkur, eins og núna er gert,“ sagði Ágúst sem sagðist ætla vinna aðeins meira fyrir kvöldmat. Blaðamaður þakkaði því fyrir sig og kvaddi. Á leiðinni út hugsaði hann með sér, að á svona stað myndi hann vilja eyða ellíárunum og hann heyrði fyrir sér orð kvennanna í föndrinu: „elskan mín, hér er nóg við að vera ef fólk nenni.“

Lokað vegna breytinga og úrbóta
Opnum aftur
á föstudag með yfir
1300 vídeóspólar til leigu
Leigjum einnig vídeótæki, Sony Playstation og leiki
Nýir leikir og aukabúnaður fyrir PC tölvurnar
Opnunartíloð

Opíð alla daga frá
kl.13:00 til kl. 24:00

Leikjaheimar
Mánagötu 6 • Sími 456 3617

Kynníð ykkur þriðjudagstíloðin

Leiðin um Vatnsfjörð, Skyrgeil og yfir Mjóafjörð við Hrútey talin hagkvæmest

Starfsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði hafa skilað skýrslu um forathugun á leiðavali um Ísafjörð, Vatnsfjörð, Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi. Í skýrslunni er mælt með að horft verði til leiðar yfir Mjóafjörð við Hrútey og um Skyrgeil. Uppbygging vegar um Ísafjarðardjúp verður væntanlega á vegaaætlun næstu tvö tímabil, þ.e. í átta ár og er líklegt að þessi hluti verksins falli á lok þessa tímabils vegna mikils kostnaðar. Næstu skref varðandi frekari athuganir eru að forhanna brú og veglínur og huga að mati á umhverfisáhrifum og skipulagsmeðferð. Þessar upplýsingar koma fram í nýjasta tölublaði Framkvæmdafrétta Vegagerðarinnar. Í skýrslunni, sem unnin er af þeim Gísli Eiríkssyni og Kristjáni Kristjánssyni, segir m.a. um núverandi stöðu mála á þessu svæði.

„Aðalvegurinn, Djúpvegurinn, liggur úr Ísafjarðarbotni yfir Eyrarfjall, niður í Mjóafjarðarbotn og út með Mjóafirði að vestan. Þessi leið er farin á sumrin. Vegurinn yfir fjallið er mjög lélegur og ónothæfur að vetri til. Hæst á fjallinu er vegurinn í 360 metra hæð. Á veturna er farið með sjó út með Ísafirði að vestan, um Reykjafjörð og Vatnsfjörð og fyrir Vatnsfjarðarnes. Þessi leið er um 35 km lengri, en öll á láglandi. Þrír kostir eru fyrir hendi.

1. Leggja heilsársveg yfir Eyrarfjall (E).

2. Byggja brú á Mjóafjörð við Hrútey og hafa leiðina um Vatnsfjörð og Vatnsfjarðarnes allt árið (M). Afbrigði af henni er að fara um Skyrgeil (MS).

3. Óbreytt fyrirkomulag, sumarveg yfir Eyrarfjall og vetrarleið fyrir Vatnsfjarðarnes (Óbr). Ekkert er fjallað um þennan möguleika hér, enda ekki talinn koma til greina. Fyrri tveir kostirnir verða nú bornir saman, það er vegakerfið frá núverandi vegamótum Vatnsfjarðarveggar og Djúpveggar í Ísafirði, skammt innan við Eyri, að Hörtná, sem er nokkuð innan við Látra í Mjóafirði.

Yfir Eyrarfjall

Vegurinn yfir Eyrarfjall er nú 11,25 km en hann mun lengjast. Vegna mikils bratta á núverandi vegi þarf að gera fleiri sneiðinga upp úr Ísafirðinum, beygjurnar á milli sneið-


inganna verða krappar. Mjóafjarðarmegin er gert ráð fyrir svipaðri leið og nú. Til greina kemur að fækka sneiðingum og lengja þá í staðinn, en það skiptir litlu máli. Neðan til liggur vegurinn um viðkvæmt land og miklar breytingar valda því spjöllum á því. Reiknað er með 12,75 km löngum vegi með meðallangshalla 5,5%. Margar brekkur, sérstaklega Ísafjarðarmegin, yrðu mun brattari, líklega 8%.

Nýjar brýr þarf á Botnsá, Heydalsá og Gljúfurá. Nauðsynlegt er að færa veginn um Botnshlíð, en það hefur í för með sér töluverðar bergskerðingar og rofvarnir. Gert er ráð fyrir að nýju brýrnar á Botnsá og Heydalsá komi fram á leirur. Rofverja þarf vegkaflana um leirurnar. Kaflinn frá Heydalsá að Hörtná verður og dýr í uppbyggingu, lítið sem ekkert nýtt af núverandi vegi. Styttingar vegna nýrra brúa á Botnsá og Heydalsá eru áætlaðar 1,66 km og styttist kaflinn, frá vegamótunum í Mjóafjarðarbotni að Hörtná úr 14,82 km í 13,16 km.

Sé þessi leið valin þarf að ljúka við lagningu Vatnsfjarðarveggar fyrir innan Bjarnastaði og frá Svansvík að Reykjafirði. Kostnaður við það er talinn með heildarkostnaði við þessa leið. Kostnaðar- og lengdartölur eru eftirfarandi: Yfir Eyrarfjall, lengd 12,7 km, 311 milljónir króna. Botn - Hörtná, lengd 13,2 km, 337 milljónir króna, Vatnsfjarðarvegur, lengd 101 milljóna króna. Heildarlengd er því 25,9 km og heildarkostnaður 749 milljónir króna.

Þá segir í skýrslunni um leiðina yfir Eyrarfjall: „Snjómokstur yfir fjallið er dýr miðað við snjómokstur á láglandi, bæði er um að ræða fleiri vikur á ári og meiri snjó. Gera þarf ráð fyrir aðstöðu fyrir menn og tæki við fjallið. Fjallvegir eru að ýmsu öðru leyti dýrari í rekstri en láglandisvegir.

Vegfarendum er stefnt í meiri hættu með fjallvegi en með vegi á láglandi. Vitað er um a.m.k. fimm dauðsföll á Vestfjörðum á tveimur áratugum þar sem menn hafa orðið úti, tvö á Klettshálsi, tvö í Lágadal á Steingrímsfjarðarheiði og eitt í Hestfirði. Dauðsfallið í Hestfirði var áður en Djúpvegurinn var opnaður, þ.e. maðurinn festi bíl sinn, og varð úti á leið sinni, gangandi, þaðan



Kort af umræddu svæði.

að Hvítanesi. Oft hefur legið við slysum í annan tíma.”

Yfir Mjóafjörð

„Utarlega í Mjóafirði er eyjan Hrútey. Austan við hana er mjótt og djúpt sund, en vestan við hana er breiðara sund og grynna. Hugmyndin


er að brúa mjóa sunnið með 90 metra langri brú, en fylla í það breiðara. Lausleg athugun bendir til, að vatnsskipti og sjávarföll myndu haldast svo til óbreytt innan brúar, með þessari tilhögun.

Kaflinn frá vegamótunum innan Eyra og út fyrir Bjarnastaði verður að færast fram í

fjöruna á köflum. Búið er að velja nýja línu frá Eyri að Reykjanesvegi og byggja hluta þess kafla í vegflokki D. Gert er ráð fyrir að fara framan við Svansvíkurbæinn, eftir túninu og í fjörinni utan við bæinn. Frekar dýr vegagerð verður um Reykjafjörð, smíða þarf nýja brú á Fjarðarhornsa fram á

leirunni. Frá Reykjafirði í Vatnsfjörð yrði veginum lítið breytt. Nýja brú þarf á Vatnsfjarðarós.

Sé farið alveg fyrir Vatnsfjarðarnes lengist leiðin um 8 km miðað við Eyrarfjall. Hægt er að fara um skarð frá Skálavík yfir í Vatnsfjörð sem heitir Skyrgeil. Upp úr Vatnsfirðin-




Ragna Sólberg, ein af þremur starfsstúlkum landsímaþjónustu Pósts og síma hf. á Ísafirði.

Póstur & sími hf.

Landsímaþjónustan á Ísafirði lögð niður

**ERUM FLUTTIR
AÐ SINDRAGÖTU 14**

TÖKUM AÐ OKKUR
ALLA ALMENNA SMÍÐI ÚR RYÐFRÍU STÁLI, ÁSAMT
SMÍÐI OG UPPSETNINGU LOFTRÆSTIKERFA
GERUM ÞJÓNUSTUSAMNINGA UM VIÐHÁLD
OG EFTIRLIT MEÐ LOFTRÆSTIKERFUM



3X-STÁL EHF

SINDRAGATA 14 · ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 5079 · FAX 456 5479
HEIMASÍÐA: [HTTP://WWW.SNERPA.IS/3X-STAL](http://www.snerpa.is/3x-stal)

um er allgott vegarstæði, en bratt er Skálavíkurmegin og víða klappir, sneiðingur þar verður áberandi. Þetta er 4 km styttra, en að fara alveg út fyrir Vatnsfjarðarnesið. Hæðin í skarðinu er 140 m, sem má bera saman við Kambsnes, 115 m, Stikuháls, 190 m og jarðgangamunna, frá 140 upp í 180 metra hæð. Leiðin yfir Skyrgeil er aðeins dýrari en fyrir nesið, en lagt hefur verið á það arðsemismat og er engin spurning, að hagkvæmara er að fara um Skyrgeil. Eini ókosturinn er hæðin og brekkur að vetri til. Í erfiðu tíðarfari verður þó alltaf hægt að fara út fyrir nesið, 4 km krók, en það er snjólétt leið. Þó þarf að lagfæra einn snjóastað. Niðurstaðan er því sú, að sé farið yfir Mjóafjörð og um Vatnsfjörð eigi að fara

yfir Skyrgeil. Sú leið er hér kölluð (MS).

Miðað við þessa leið er gert ráð fyrir að vegurinn yfir Eyrarfjall leggjist af og vegurinn fyrir Mjóafjörð verður innansveitarvegur. Ekkert þarf að laga hann til þess. Lengdir og kostnaður vegna þessarar leiðar er eftirfarandi: Eyri - Reykjanes, lengd 13,2 km, 152 milljónir króna, Reykjanes - Skálavík, 14,9 km, 220 milljónir króna, Skálavík - Hörtná, lengt 1,8 km, 287 milljónir króna. Heildarlengd er 29,7 km og heildarkostnaður 659 milljónir króna.

„Leiðin frá Eyri í Ísafirði, út í Skötufjörð verður mjög auðveld í rekstri og snjólétt. Menn frá Ísafirði geta að öðru jöfnu mokað inn í Ögur og menn frá Hólmavík inn í

Ísafjörð. Vörubíll þyrfti að vera einhversstaðar á leiðinni á milli. Hann getur verið hvar sem er, t.d. í Reykjanesi og enga sérstaka stöð þarf fyrir hann.”

Þá er í skýrslunni fjallað um nánari samanburð á svæðunum, vegalengd, umhverfismál, áhrif á byggð á svæðinu, vetrarferðir og kostnað. Í niðurstöðu skýrslunnar segir síðan: „Að þessu öllu athuguðu er hér mælt með leið um Vatnsfjörð, Skyrgeil og yfir Mjóafjörð við Hrutey. Kostnaðarathuganir benda til að sú leið sé hagkvæmari, út frá almennum forsendum er hún betri og öruggari. Hér er um forathugun að ræða. Komi í ljós við frekari athugun að einhverjar forsendur reynast rangar, þarf að endurmeta stöðuna.”

Þeir sem notfæra sér landsímaþjónustu Pósts og Síma hf. á Ísafirði, mega eiga von á því á næstunni að ókunnar raddir svari þegar hringt verður í númerið 119. Unnið er að því að leggja þessa þjónustu niður á Ísafirði og verður hún framvegis rekin úr Reykjavík en í staðinn verður upplýsingaþjónusta fyrir Vestfirði, númerið 118, á Ísafirði. „Við miðuðum að því að

þessar breytingar yrðu yfirstaðnar í morgun [mánudag] en tæknilega gekk það ekki upp og þess vegna er þetta ekki komið í gagnið. En ég á von á að tæknimálin leysist fljótlega og þá verður þessu breytt,” sagði Sveinbjörn Björnsson, hjá þjónustumiðstöð Pósts og Síma hf., í samtali við blaðið. „Það kemur maður í manns stað og breytingin er raunverulega fólgin í

því, að dömurnar í Reykjavík svara í staðinn fyrir dömurnar hérna. Ég vona að þær fyrir sunnan veiti okkur ekkert verri þjónustu en þær hérna. Það er nú samt svo að þjónustan verður oft öðruvísi og persónulegri þegar fólk þekkest,” sagði Sveinbjörn þegar hann var spurður um hvort fólk ætti ekki eftir að sakna ísfirsku raddanna á landsímanum.

Á Eyrinni
Veitingastaður Kaffihús
Mánaqata 1 - Sími 456 4306 Fisherhúsi anno 1884

Kráarstemning

föstudagskvöld frá kl. 19:00 til kl. 03:00
Ljúffengir kráar-smaréttir og góð
tónlist af geislaspilara

Hljómsveitin Rós

með stanslaust fjör á laugardagskvöld
frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Þjóðum kvöldmatargestum matseðil með
ljúffengum réttum frá kl. 19:00

Húsið opið aðeins fyrir matargestir frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Mætið tímanlega, því það er ávallt fjölmennt hjá
okkur á föstudags- og laugardagskvöldum

Njótið góðs matar og skemmið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist

Aðgangseyrir fyrir aðra en matargesti á laugardagskvöld er kr. 500,-



**Ljúffengar
Pizzur - skyndibitar**

Munið heimsendingarþjónustuna,
síminn er 456 5267

Rakaraðúettinn

Rakarastofan að Hafnarstræti 11 á Ísafirði, á sér langa sögu og eflaust hafa flestir íbúar Ísafjarðar og nágrennis einhvern tímann látið klippa sig hjá þeim Villa Valla og Samma, sem þar ráða ríkjum.

Blaðamaður boðaði komu sína til þeirra einn eftirmiðdag fyrir skömmu og var boðinn velkominn, en

var jafnframt varaður við að lítið gæti hafst upp úr krafsinu. Blaðamaður lét allar viðvaranir lönd og leið og mætti galvaskur til þeirra félaga og byrjaði á að segja þeim frá æskuminningu sinni um ferðir á rakarastofu á

Ísafirði, þar sem fjöl var sett undir hann og rakarinn sem klippti hann, talaði rosalega mikið. Passar þessi lýsing við þá?

Sammi: „Jú þetta passar alveg, það

hefur verið Villi sem klippti þig.“

Villi: „Nei, það hefur verið Sammi sem klippti þig, hann talar svo mikið hann Sammi.“

„Nú, þetta ætla að verða svona,“ hugsaði blaðamaður með sér og varð strax ljóst hvernig landið lá hjá þeim félögum þegar kom að „húmor.“

Villi: „Ég var búinn að vara þig við að vera að taka viðtal við okkur - það er ekkert prenthæft sem við segjum,“ Villi hlær, en býður svo til sætis í rauða hornsófanum í biðstofunni. Blaðamaður, sem reykir, spyr hvort hann

megi kveikja í, og Villi, sem reykir líka, segir það í lagi í þetta skiptið.

„Ég er stundum alveg að kafna úr reykjarsvælu þegar við erum að spila um helgar,“ segir Sammi sem leikur með hljómsveitinni Sægreifunum.

Villi: „Þú ert ekki eins og Duke Ellington sem sagðist aldrei fara út í sveit vegna þess að þar væri loftið alltof hreint fyrir sig. Hann kunni miklu betur við sig í reykjarmökknum í klúbbunum sem hann spilaði í.“

Þar með hafði talið snúist að sameiginlegu áhugamáli rakaranna, tónlist, en þeir eru báðir liðtækir hljóðfæraleikarar og hafa leikið á dansleikjum með ýmsum hljómsveitum um árabíl eins og Vestfirðingar flestir vita. Villi lengst af með hljómsveitum sem kenndar voru við hann sjálfan eins og VV & Barði eða VV kvintett o.s.frv.

„Á þessum tíma var í tísku að vera með skammstafanir í hljómsveitarnöfnum eins og KK eða BG. Við vildum ekki vera minni menn og tókum þess vegna upp á þessu. Svo var líka tímabil þar sem öll hljómsveitarnöfn urðu að enda á ó, Lúdó og Stefán og Dúmbó og Steini, þannig að það eru tískusveiflur í þessu eins og öðru,“ segir Villi.

Sammi hefur leikið með mörgum hljómsveitum í gegnum tíðina en þó lengst af með hljómsveit Baldurs Geirmundssonar sem gerði garðinn frægan vítt og breitt um landið, en Sammi segir að skemmtilegasta tímabilið hafi verið þegar hljómsveitin hét BG og Ingibjörg.

„Við spiluðum jafnvel oft í viku, mest á Vesturlandi og Vestfjörðum og það var algengt að við spiluðum á föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Tekjur hljómsveita voru líka miklu betri þá en þær eru í dag,“ segir Sammi.

- En hafið þið aldrei spilað saman strákar?

Sammi: „Það hefur farið eitthvað lítið fyrir því. Ég held að við höfum ekki spilað saman í danshljómsveit nema eitt ár með Blossum á sínum tíma, en við höfum þó oft spilað jass saman.“

Sammi segir aðspurður að þeir taki ekki oft í hljóðfærin á rakarastofunni en Villi skjótist stundum upp til að spila á píanóið þar. „Við höfum nú oft ætlað að fara gutla eitthvað saman uppi, en þá kemur alltaf

einhver, er það ekki Villi?“

Villi, sem er eigandi rakarastofunnar, býr fyrir ofan hana en hann keypti húsið af Harry Herlufsen á sínum tíma, en Herlufsen var einnig rakari og tónlistarmaður eins og þeir Villi og Sammi. Þeir segja að það sé algengt að rakarar séu jafnframt tónlistarmenn eða stundi aðrar listgreinar.

Villi: „Ég byrjaði að læra hjá Árna Mattíassyni, rakarameistara á Ísafirði, árið 1950 og hóf rekstur rakarastofu í Silfurgötunni 1958, sama ár og við færðum landhelgina í 12 mílur. Ég keypti svo húsið hérna af Herlufsen árið 1959.“

- En hvernig lágu leiðir ykkar Samma saman?

„Ég hætti í skóla og fór að læra,“ segir Sammi og brosir kankvíslaga. „Ég kláraði nefnilega ekki síðasta bekk skyldunnar. Ég hitti Villa út á götu einhverju sinni en hann var þá að leita sér að lærling - það hefur sennilega verið svo mikið að gera hjá honum - og það varð úr að ég fór að læra.“


Villi: „Ég vissi að hann var af góðu fólki þannig að ég fór og talaði við manninn sem hafði kennt honum fríhendis-teikningu til að að vita hvort hann hefði eitthvert auga fyrir hlutföllum strákurinn og það reyndist vera.“

Sammi: „Þar hefur kennarinn logið maður - ég hef aldrei getað teiknað.“

Sammi hóf sem sagt að læra hjá Villa árið 1964 þegar bítlaæðið var að byrja, en ætli síða hárið hafi ekki sett strík í reikninginn í rekstri rakarastofu?

Villi: „Jú mikil ósköp, ég var hættr að spila á böllum og hafði hugsað mér að stunda eingöngu rakarastarfið, en ég varð að byrja að spila aftur vegna þess að maður hafði ekki fyrir mat. Strákarnir sem voru að koma úr sveitinni löbbuðu bara hérna fram hjá og foreldrarnir fengu ekki krakkana til að láta klippa sig nema gefa þeim eitthvað. Þetta var ómurlagt ástand, svipað og að vera sjómaður þegar ekkert fiskast. Þetta varði í ein ellefu eða tólf ár. Þetta var alveg svakalega skrýtið maður - allt í einu þótti það fínt að láta hárið vaxa. Það var í mesta lagi einu sinni til tvisvar á ári sem menn létu snyrta á sér hárið og það mátti varla koma við þá öðruvísi en þeir segðu: hva, ætlaðu að snoða mig maður.“

Ef allir hefðu gengist undir



Villi Valli og Sammi

þessa tísku, ef tísku skal kalla, þá hefðum við hreinlega hætt, en það bjargaði okkar að það voru nokkrir sem vildu ekki apa þetta eftir. Mér var sagt að á þessum tíma hafi 50 rakarastofum verið lokað á einu ári í Kaupmannahöfn.“

Sammi: „Það sem bjargaði okkur var að við vorum alltaf í músíkinni og höfðum tekjur af að spila á böllum, en Vestfirðingar voru mjög dansglafir á þessum tíma og það þótti gaman að fara á ball á Ísafirði. Skemmtanabransinn hefur mikið breyst síðan þetta var enda er mikið meira framboð af allskyns afþreyingu í dag. Núna vill helst enginn borga inn á ball, fólk vill bara labba beint inn og það lætur ekki sjá sig fyrr en klukkan eitt eða hálf tvö. Milli 1970 og 1980 voru uppgrip í þessum bransa og það var algengt þá að við höldum böllin sjálfir.“

Villi: „Hugsaðu þér hvað var mikið dansað hérna á Ísafirði. Ég man eftir einu sumri en þá voru þrjú böll á viku, á fimmtudögum, laugardögum og sunnudögum og ef það kom togari eða eitthvað skip, þá var bara skellt upp rekstrasjón eins og böllin voru kölluð þá. Þá spiluðum við í syrþum sem var gott fyrir stelpurnar sem gátu þá skilað dansherranum eftir syrþuna, ef þeim leist ekki á þá.“

Mér var sagt að þegar Alþýðuhúsið var opnað, um 1930, hafi verið fengnir dansmúsíkantar að sunnan og var Harry Herlufsen þar á meðal. Þá var dansað á hverju kvöldi og menn þurftu að bera flygilinn á milli hæða vegna þess að það var dansað í kjallaranum virka daga en upp í stóra salnum á laugardögum þegar von var á fleira fólki. Þá sungu menn í trekt. Ég held að það yrði nú aldeilis hlegið núna ef einhver söngvari birtist með trekt til að syngja í, en annars er hlátur mjög hollur - hann styrkir nefnilega ónæmiskerfið. Menn hafa þó örugglega þurft að spila lágt undir svo söngurinn heyrðist. Hávaðinn gerir heldur ekki annað en að skemma okkur, við vitum það.

Heyrðuð þið ekki viðtalið við kallinn í sjónvarpinu í gærkvöldi sem býr við Miklubrautina? Hann getur ekki sofið nema svona tvo til þrjú tíma á nóttu því að hávaðinn ætlar alveg að drepa hann. Svo er mengunin svo mikil, segir hann, að hann er kominn með 18 lyf en ekkert dugir. Hann segir að þetta sé eins og að búa í útrýmingarbrúðum. Ég er nú samt mest hissa á að hann skuli ekki fatta að flytja.“

Á meðan spjallið fer fram eru þeir Villi og Sammi með viðskiptavini í stólunum og er því tækifærið notað til að spyrja þá hvor tali nú meira Villi eða Sammi? „Það er engin spurning, það er Villi,“ segja þeir báðir í kór.

„Já, ég man að Einar Jóelsson var einu sinni í klippingu hjá mér fljótlega eftir að Sammi byrjaði að læra og hann hvíslaði að mér um leið og hann nikkaði höfðinu í áttina að Samma: Þessi drengur verður aldrei rakari - hann segir varla eitt einasta orð, segir Villi og rekur upp tröllahlátur og kúnnarnir hristast af hlátri í stólunum. „Sammi segir samt

mikið meira en ég, hann notar bara færri orð til þess.“

Sammi: „Maður má ekki tala mikið vegna þess að þá fær maður svo mikið af hárum upp í sig. Það er þess vegna sem Villi stoppar alltaf reglulega að tala.“

Sammi var hjá Villa til ársins 1971 en þá réði hann sig til Árna Mattíassonar. Þegar Árni lést, keypti Sammi rekstur rakarastofunnar sem var til húsa á neðri hæð hússins þar sem núna er Bókhlaðan. Þar var hann allt til ársins 1979 þegar húsnæðið skipti um eigendur, en Sammi segir að þá hafi Villi boðið sér aðstöðu til bráðabirgða en nú séu komin 18 ár og Villi örugglega orðinn þreyttur á biðinni. Sammi segir þetta með stríðnistón í röddinni, en samband þeirra félaga virðist byggjast töluvert á góðlátlegu gríni í garð hvors annars.

Umræðuefnin á rakarastofunni eru af ýmsu toga, en þó er greinilegt að andrúmsloftið er létt og skemmtilegt enda segir Villi að ef hann hefði haft rænu á safna saman öllum bröndur-unum sem hafa verið látnir flakka um árin, þá væru þeir efni í margar bækur. Þeir segjast þó líta á sig eins og lækna sem eru bundnir trúnaði gagnvart sjúklingum.

Villi: „Ef við hefðum þetta ekki svona, þá fengjum við aldrei að heyra neitt og það væri ekki nógu gott. Maður er búinn að temja sér að gleyma öllu jafnóðum. Ef maður fer að muna þetta allt, þá er svo hætt við að maður fari að segja frá því.“

- En hvernig skyldi kúnnahópurinn vera? Koma konur í klippingu? Eru ekki margir búnir að vera fastir viðskiptavinir mjög lengi?


„Kúnnarnir eru af öllum mögulegum gerðum en þeir hafa breyst svolítið í gegnum tíðina. Einu sinni vorum við Villi ungir og þá kom unga fólkið til okkar, en í dag eru þetta mest karlmenn og börn þótt ein og ein kona sé einnig þar á meðal. Margir okkar viðskiptavina hafa komið hérna í áratugi og þeir vilja ekki láta neina aðra vera vasast í hárinu á sér. Ég hafði einn kúnna í um tuttugu ár sem alltaf var ánægður og kvartaði aldrei, en það var Siggí blindi,“ segir Sammi við mikla kátínu viðstaddra.

„Hvað, héltu að við værum kvenmannslausir eða hvað,“ segir Villi. „Það var á tímabili sem konur voru helmingur viðskiptavina okkar. Þetta var á þeim tíma sem drengjakollarnir voru í tísku og konur kepptust um að láta klippa sig stutt. Karlarnir voru stundum hálf illir út af þessu og sögðu: hvað, er þetta orðin einhver hárgreiðslustofa eða hvað. Annars setjum við ekki permanent eða strípur í hár, við erum ekkert í því að skemma hárið á kúnnunum.“

Nú vippar Ásgeir S. Sigurðsson, formaður Harmonikkufélags Vestfjarða, sér inn á rakarastofuna til að hitta Villa út af fyrirhugaðri ferð félagsins til Harmonikkufélags Þingeyinga í sumar.

Villi: „Heyrðirðu hádegisfréttirnar Ásgeir?“

Ásgeir: „Já helvíti maður, nú þurfa kerlingarnar bara að taka pillu til að fá fullnægingu.



Það þori ég að ábyrgjast að það hafa verið þessar djöfulsins rauðsokkur sem fundu þetta upp. Það er verið að tala um að leggja niður heilu stéttirnar, en það má nú bara leggja niður helminginn af mannkyninu núna. Hvað á maður eiginlega að gera með þetta - pissa með þessu?“

Sammi: „Er ekki bara hægt að kaupa upp birgðirnar?“

Þessi uppákoma vekur mikinn hlátur á rakarastofunni og sýnist sitt hverjum um þetta nýjasta afrek vísindamannanna. Þegar ró færast yfir aftur er spjallinu haldið áfram og snýst nú að öðrum áhugamálum þeirra félaga. Sammi er mikill áhugamaður um golf enda er Villi að skjóta á hann öðru hvoru með það. En stundar þú ekki golfið Villi?

Villi: „Nei, ef ég gerði það þá væri aldrei opið hérna nema til hádegis.“

Villi og Sammi segja að-spurðir, að meiri fjölbreytni mætti vera í tónlistarlífinu á Ísafirði og minnst þeir á tímabili þegar lúðrasveit var starfandi, en Villi stjórnaði henni um margra ára skeið.

- En hvað er hægt að gera til að auka fjölbreytnina?

Sammi: „Það mætti t.d. koma upp athvarfi þar sem menn geta komið saman og jammað, einskonar jassklúbbi, en annars þarf bara Villa til að koma af stað einhverju svona. Villi (vilji) er allt sem þarf. Það er andskoti skítt að ekki skuli vera hægt að reka fullmannaða danshljómsveit hérna á svæðinu. Þessar litlu hljómsveitir í dag standa auðvitað fyrir sínu en mönnum finnst þessi þróun vera afturför. Kannski væri möguleiki að halda úti hljómsveit sem myndi spila aldrei opið hérna nema til hádegis.“

Íslandi, þar sem fengnir yrðu söngvarar sem henta myndu í hverju tilviki, en þá er kannski orðin spurning um hús sem myndi geta hýst svona dæmi. Þetta var reyndar gert í Félagshöfðinu í Hnífsdal fyrir nokkrum árum og þótti takast vel. Það vantar bara hugmyndaflug og frumkvæði en það virðist vera einhver dæmi í þessu núna.“

Þeir Sammi og Villi ásamt nokkrum öðrum hafa hist óreglulega á undanförunum árum til að spila jass sem þeir hafa mikinn áhuga á. Um páskana spilaði þessi hópur á Hótel Ísafirði, reyndar án Samma að þessu sinni, við góðar undirtektir áheyrenda sem troðfylltu hótelið.

Villi stundar málalalistina í frístundum og hefur staðið fyrir sýningum en segir að það geti liðið mánuðir án þess að hann máli, en hann malar stíft þess á

milli. Hann hefur einnig verið iðinn við að spila „dinnermúsík“ og þá aðallega á Hótel Ísafirði. Þeir félagar hafa verið viðriðnir tónlist í áratugi og hafa klippt margan kollinn í gegnum tíðina og engan bilbug er að finna á þeim í rakarastarfinu, eða hvað?

Sammi: „Við erum í fullu fjöri en ég vinn á morgnana í Mjólkurstöðinni þannig að ég er bara hálfur hérna.“

„Ja, mér þykir þú vera kaldur Sammi að segja við blaðamanninn að þú sért alltaf hálfur í vinnunni,“ segir Villi og veltist um af hlátri.

Þeir félagar virðast greinilega taka þær fullyrðingar alvarlega að hlátur styrki ónæmiskerfið enda mæla margir fastakúnnar með ferð á rakarastofuna fyrir þá sem vilja gera sér dagamun og komast í betra skap.

Sjómenn fá rétt til handfæra-veiða eftir 20 ár á sjónum

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður, hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá árinu 1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að með frumvarpinu séu lagðar til nokkrar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, sem snúa einkum að lagfæringum á gildandi lagaákvæðum. Ekki eru gerðar tillögur um róttækar breytingar enda ekki talið rétt að blanda saman í eitt frumvarp tillögum til lagfæringar á núverandi stjórnkerfi og tillögum um grundvallarbreytingar á sama kerfi.

Meðal þess sem sett er fram í frumvarpinu, eru ákvæði um rétt sjómanna til handfæraveiða eftir 20 ára starf á íslensku fiskiskipi og rýmkuð veiðheimilda smábáta í aflahlutdeildarkerfinu. Einnig er gert ráð fyrir rýmkaðri heimild krókabáta, sem stunda veiðar með þorskaflamarki, til framsals á þorskaflahámarki sínu til annars krókabáts sem einnig hefur þorskaflahámark. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hertum ákvæðum sem takmarka framsal aflahlutdeilda og aflamarks m.a. með því að gera auknar kröfur til skipa um veiðiheimilda sinna. Gert er ráð fyrir auknum forkaupsrétti sveitarfélaga og sett eru ákvæði um 60 daga lágmarks dagafjölda sem krókabátar mega róa hvert fiskveiðiár og gildir lágmarkið bæði gagnvart krókabátum sem róa með handfæri eingöngu sem og þeim sem róa bæði með línu og handfæri.

Sérstaka athygli vekur ákvæðið um rétt sjómanna til handfæraveiða eftir 20 ár á fiskiskipi en gert er ráð fyrir að þeir fái rétt til að stunda

Æsa ÍS

Tilboð frá bresku fyrirtæki

Breska fyrirtækið Seawork Ltd. hefur gert Siglingastofnun tilboð um að kafa ofan í flakið af Æsu ÍS til að reyna upplýsa um orsakir þess að skipið fórst og til að ná upp líkum manna tveggja sem fórust með því.

Tilboðið mun hafa hljóðað upp á 7 til 9 milljónir króna og er nú beðið endanlegrar ákvörðunar samgönguráðuneytis og fjármálaráðuneytis.



handfæraveiðar á bátum sem eru minni en 6 brl. Rétturinn verður bundinn manningu og starfi hans en ekki einvörðungu eignarhaldi á báti. Til þess að nýta þennan rétt þarf maðurinn

að eignast bát og getur hann keypt bát sem hefur verið úreltur og fengið á hann veiðileyfi. Leyfið verður skilyrt á þann veg að það er óframseljanlegt og bundið viðkom-

andi sjómanni og nær aðeins til handfæraveiða. Með tillöggunni er viðurkennt að starf á sjó veitir rétt til sjósóknar og þannig rétt til þess að nýta fiskimiðin.

„Tillögurnar miða að því að styrkja stöðu sveitarfélaga til þess að hafa áhrif á flutning skipa og veiðheimilda, ásamt því að treysta rekstrargrundvöll smábáta. Þá er það nýmæli að

sjómönnum er veittur sjálfstæður réttur til veiða í fiskveiðilögsögunni, sem þeir geta nýtt sér með því að eiga smábát og halda honum til veiða,“ segir í greinargerðinni.

Ísafjörður

Edinborgarhúsið fær styrk

Á fundi Húsafríðunarnefndar ríkisins sem haldinn var 2. apríl sl., voru samþykktar styrkveitingar úr Húsafríðunarsjóði fyrir árið 1997. Veittir voru 158 styrkir, samtals tæpar 44,8 milljónir króna, aðallega til endurbýgginga og viðhalds gamalla húsa víða um land.

Sú nýbreytni var tekin upp á síðasta ári að veita stóra styrki, að upphæð ein milljón krónur hver, til verkefna í hverjum landshluta í samræmi við nýja stefnumörkun Húsafríðunarnefndar. Þessi

styrkur var hækkaður í ár í kr. 1,1 milljón. Eftirtalin hús fengu slíka styrki í ár: Vesturgata 3, Hlaðvarpinn, Reykjavík, byggt

1885-1903, Pakkhús í Flatey, byggt 1865-1918, Edinborgarhúsið á Ísafirði, byggt 1907, Villa Nova á Sauðárkróki, byggt 1903, Gudmanns Minde, Aðalstræti 13 á Akureyri, byggt 1836 og Angró á Seyðisfirði, byggt árið 1881.

Húsafríðunarnefnd stjórnar Húsafríðunarsjóði en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Ennfremur til húsa, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi að mati nefndarinnar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingarferfi og útgáfu rita þar að lútandi.



Ósáttir við ummæli forseta ASV

Sigurður Þorleifsson, gjaldkeri í Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur, hafði samband við blaðið og lýsti yfir óánægju með ummæli Péturs Sigurðssonar, forseta ASV, sem höfð voru eftir honum í síðasta blaði.

„Ég er óánægður með að Pétur skuli setja dæmið þannig upp, að við í Bolungarvík séum einhverjir svikarar. Þegar samningar náðust í Reykjavík, þá beyttust forsendur það mikið að atvinnurekendur hér gátu ekkert gert fyrr en atkvæðagreiðsla um samninginn þar hafði farið fram. Það var komin upp pattstaða og menn urðu að horfa á hlutina eins og þeir voru. Á fundinum, sem var haldinn annan páska-dag á Ísafirði, báðum við um að tekið yrði tillit til okkar sjónarmiða og að verkfalli yrði frestað. Við spurðum Pétur hvort hann sæi eitthvað neikvætt við að fresta verkfallinu en hann sagði að menn ættu að halda sér við prinsippíð - að fresta ekki. Við sögðum að við myndum fara út eftir og heyra hljóðið í okkar fólki, vegna þess að okkur finndist forsendurnar hafa breyst við samningana í Reykjavík. Við vildum fá fram afstöðu föls - hvort það vildi virkilega vera í verkfalli í tvær til þrjár vikur



Sigurður Þorleifsson.

„Ég er óánægður með að Pétur skuli setja dæmið þannig upp, að við í Bolungarvík séum einhverjir svikarar.“

á meðan beðið væri eftir því að atvinnurekendur hér gætu rétt við okkur. Atvinnurekendur sögðu okkur, á laugardag fyrir páska, að þeir mættu ekki semja við okkur um eitt eða neitt fyrr en atkvæði hefðu verið greidd um samningana í Reykjavík. Fólk hér í Bolungarvík var sammála um að fresta verkfallinu til 23. apríl. Dæmið er alltaf sett upp á Ísafirði þannig, að við séum einhverjir svikarar

og við erum ekki sáttir við það. Við megum ekki gleyma, að við förum ekkert lengra en almenn skynsemi býður.“

En nú lagði Pétur áherslu á, að þessi eini dagur hafi skipt miklu máli til að fá atvinnurekendur að samningunum nær forsendum ASV. Hver er þín skoðun á því?

„Mér finnst ekkert hafa breyst í stöðunni annað en að menn fóru til Reykjavíkur og sáu þar hlutina kannski í öðru ljósi. Menn voru ekki að semja um eitt eða neitt. Á laugardaginn fyrir páska buðu atvinnurekendur að skoðun færi fram á þessum hlutum, en það var ekki hægt að hlusta á það þá.“

Spillir þessi ósamstaða ekki fyrir samningaviðræðunum?

„Ég er ekki viss um að þetta skemmi neitt fyrir. Þegar staðið er í samningaviðræðum þá verða menn auðvitað að vera sammála um hlutina. Atvinnurekendur sögðu okkur að þeir gætu ekkert gert og við vildum ekki stoppa atvinnulífið í þeirri vissu að ekkert myndi gerast þar til atkvæðagreiðslan í Reykjavík hefði farið fram, og hafa þar með af fölki tveggja til þriggja vikna laun,“ sagði Sigurður Þorleifsson í samtali við blaðið.

„Ef til vill er ég óvenju tregur í hugsun...“

Í gær barst mér í hendur 14. tbl. 14. árgangs, hins mjög svo ágæta blaðs BB. Meðal annars efnis sem þar var að finna, var grein eftir Sighvat Björgvinsson, alþingismann. Grein þessi fjallar aðallega um ferðamála á Vestfjörðum og er lipurlega skrifuð eins og Sighvats er von og vísa. Þó finnst mér sem örlítils ósamræmis gæti í þessum skrifum hans og vakti það mig til frekari umhugsunar.

Í greininni segir orðrétt: „Meira að segja miðhálandið er orðið eins og Laugavegurinn..... finna þar ekki lengur neitt í líkingu við það sem var.“

Ef til vill er ég óvenju tregur í hugsun, en ég skil ekki almennilega hvernig hægt er að fylla allt af ferðamönnum, en halda samt sem áður landsvæðinu nýju og fersku og að mestu ósnortu.

Í kirkju einni fyrr á öldum átti klerkur það til að halda langar ræður og leiðinlegar svo að kirkjugestum var mjög í mun að sleppa út undir bert loft, þá athöfn var lokið. Af þessu skapaðist troðningur mikill og þústrar þá söfnuðurinn ruddist út og fór svo fram um skeið. Að lokum var svo komið að sóknarnefnd sá að við svo

komið mátti ekki standa. Eitt sinn er fólk var nýsloppið út úr kirkjudyrunum var boðað til fundar um málið og óskað ráða til úrlausnar vanda þessum ef einhver finndist.

Sýndist þá sitt hverjum, einn vildi stækka kirkjudyrd, annar takmarka fjölda kirkjugesta, þriðji vildi byggja stærri kirkju o. s.frv. Þá er fækka fór ráðunum og lítillaga dró niður í hávaðanum, heyrðist í kerlingarhrói, sem utarlega stóð í hópnum: Það verður ekki troðningur ef allir hefðu það eins og ég. Ég sit nefnilega alltaf kyrr þar til síðast.



Jóhann G. Ólafson, Karen Ragnarsdóttir og Albert Óskarsson við afhendinguna.

Karladeild SVFI fær slöngubát

Á sunnudag afhentu ættingjar Guðrúnar Hjaltadóttur og Ragnars Ben Bjarnasonar, karladeild Slysavarnafélags Íslands á Ísafirði, slöngubát að gjöf til minningar um þau heidurs hjón og fór afhendingin

fram í Sigurðarbúð. Baturinn, sem er af Zodiac gerð, kemur í stað eldri báts sömu gerðar.

Að sögn Ragnars Kristinssonar, varaformanns deildarinnar, nýttist báturinn í ýmsar björgunaraðgerðir eins og t.d.

í leit meðfram fjörum og einnig til að ferja menn milli skipa. Kaupverð bátsins mun vera fimm hundruð þúsund krónur, eftir niðurfellingu gjalda.

Verstöðvar og fiskimið

Að undanförunu hefur nokkuð borið á því viðhorfi að hluti af skýringunni á því hvers vegna Vestfirðingum hefur vegnað fremur illa í sjávarútvegi síðustu ár, sé sú að þeim hafi flestum öðrum verr tekist að reka fyrirtækin á þeim forsendum sem atvinnugreininni er búin, svo sem löggjöf um stjórn fiskveiða og almennra rekstrarskilyrða (gengisskráningar, afurðaverð erlendis o.s.frv.). Að Vestfirðingar hafi rekið sín fyrirtæki miðað við þau skilyrði sem þeir vildu hafa en ekki þau sem voru.

Þessi afstaða hafi síðan leitt til þess að menn nýttu ekki þau tækifæri sem fyrir hendi voru og dregist aftur úr. Það verð ég að segja að mér finnst nokkuð til í þessari skýringu, þótt ósannngjarnt sé að líta á hana sem algilda skýringu. Nú-

„Mér hefur helst litist á þær hugmyndir að takmarka aðgang stórra skipa, einkum frystiskipa, að grunnslóð.“

verandi þjóðfélag er samkeppnisþjóðfélag, sveitarfélög og landshlutar eru í innbyrðis samkeppni um fólk og þjónustu. Sjávarútvegsfyrirtæki eru í samkeppni innanlands í takmörkuðum fiskveiðum og sú samkeppni er miklu harðari og erfiðari en var á tímum lítt heftra fiskveiða. Þá var hægt að bæta upp litla framlegð eða óhagkvæman rekstur með miklum afla sem keyrt var gegnum frystihúsin með mikilli vinnu verkafólks. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, er þetta svona og ekki líklegt að lítt takmark-

aðar veiðar verði í bráð svo það er ekki um annað að ræða en að spjara sig við atvinnureksturinn við þessi skilyrði.

Á hinn bóginn er það svo að leikreglurnar sem löggjöfin setur eru ekki alltaf sanngjarnar og þær geta mismunað og því full ástæða til þess að knýja á um breytingar. Þannig er það með löggjöfina um stjórn fiskveiða, hún er að mörgu leyti verulega gölluð. Það atriði sem ég tel að Vestfirðingar eigi að beina spjótum sínum að, lúta að stöðu strandveiða og fiskvinnslu í landi.

Eðlilegast er að miðin nálægt landi séu nýtt af bátum sem gerðir eru út skammt undan og koma oft í land. Þannig verður útgerðarkostnaðurinn lægstur, hráefnið ferskast til vinnslu og það unnið í vinnslustöð sem hefur sveigjanlegra vinnuferli en sjóvinnsla. Á sama hátt getur það ekki talist

Þingmaðurinn skrifar

eðlilegt né hagkvæmt að miðin upp við harða land, séu nýttu af stórum vinnsluskipum, sem gerð eru út frá fjarlægum verstöðvum. Sjávarplássin byggðust vegna nálægðar við tiltekin fiskimið og það verður að stjórna aðganginum að þeim miðum þannig að ekki sé rofin þessi forsenda byggðarinnar. Til þess að byggðin njóti hagkvæmi legu sinnar þarf að tryggja bátunum aðgang að miðunum og gefa fiskvinnslunni kost á því hráefni.

Núverandi löggjöf lítur að heita má algerlega framhjá þessu og afleiðingarnar sjá allir í afar veikri stöðu sjávarbyggðanna, sem er því veikari sem byggðin er fámennari. Ég hygg að segja megi að hvergi á landinu sé ástand-

ið jafn slæmt og á Vestfjörðum. Fámenn sjávarpláss standast ekki snúning fyrir-tækjum í stórum kaupstöðum, þau hafa ekki efnahagslegt bolmagn í samkeppni markaðsþjóðfélagsins sem lögin um stjórn fiskveiða afmarka. Leikreglurnar eru ekki sanngjarnar og því hallar á þorpin. Þeim þarf að breyta þannig að strandveiðarnar hafi aukið vægi og forgang á hefðbundin heimamið og fiskvinnslan í landi þarf að eiga tilkall til hlutdeildar í aflanum með einhverjum hætti.

Mér hefur helst litist á þær hugmyndir að takmarka aðgang stórra skipa, einkum frystiskipa, að grunnslóð og þannig taka upp einhvers konar verkaskiptingu flotans á íslenskum fiskimiðum.



Kristinn H. Gunnarsson.

Bátaflotinn nær landi, stóru skipin fjær landi. Þá tel ég rétt að veita fiskvinnslunni í landi hlutdeild í aflamarkskerfinu meðan stuðst er við það. Það verður að vera ávinningur fólgin í því að afli sé unninn í landi. Fáa fiskvinnslan sína hlutdeild styrkir það stöðu hennar gagnvart sjóvinnslu og bætir stöðu landverkafólks. Því má ekki gleyma að landvinnslan er höfuðatvinnuvegur landsbyggðarinnar, ef hún stendur illa, þá vegnar landsbyggðinni illa.

Vestfirskir tölvueigendur þurfa ekki að örvænta

„Þarna er sennilega verið að tala um gamlar tölvur og ég get ímyndað mér að þar á meðal séu kannski sumar af eldri vélum Skýrsluvéla ríkisins, sem ekki var reiknað með að þyrftu að ganga lengur en til ársins 2000. Þetta vandamál er ekki fyrir hendi í PC eða Macintosh vélum, jafnvel þeim sem eru framleiddar árið 1981. Ég held að við þurfum ekki að

hafa neinar sérstakar áhyggjur af þessum vélum fyrr en árið 2038 eða svo. Þá koma sumar þeirra til með að ganga úr sér, en þar sem meðalendingartími tölva er ekki nema 3-4 ár, þá tel ég enga ástæðu fyrir menn að hafa áhyggjur,“ sagði Björn Davíðsson, hjá tölvuþjónustunni Snerpu ehf., aðspurður um hvort ótti manna um að tölvur myndu almennt hrynja

árið 2000 væri á rökum reistur, en svartsýnustu menn spá að tölvur muni hrynja unnvörpum vegna þess að í forritun þeirra sé ekki gert ráð fyrir ártölum nema til ársins 2000.

„Líftími forrita er yfirleitt lengri en líftími tölva og sum þeirra eru jafnvel notuð í 10 ár eða lengur, sérstaklega ef þau eru sérsmíðuð fyrir fyrir-tæki. Það er ekki loku fyrir það

skotið að einhver tiltekin forrit geti bilað, en ég leyfi mér að fullyrða að hér fyrir vestan eru slík kerfi ekki í notkun nema kannski hjá skattstofunni og sambærilegum stofnunum sem nota kerfi hjá Skýrr, en þá er séð um að hnyta þessa enda sunnan megin frá, þannig að ég sé ekki að það þurfi að gera neinar sérstakar ráðstafanir hérna megin,“ sagði Björn.

Rauðakrossdeild stofnuð í Súðavík

Súðvíkingar hvattir til að ganga til liðs við deildina

Stofnuð hefur verið Rauðakrossdeild í Súðavík og var stofnfundurinn haldinn miðvikudaginn 9. apríl. Stofnfélagar voru rúmlega 30 og var Sigríður Hrönn Elíasdóttir kjörin formaður til tveggja ára. Aðrir í stjórn voru kjörnir þau Halldór Már Þórisson og Eyrún Hafdís Kjartansdóttir til tveggja ára og til eins árs þau Jónas Skúlason og Hulda Gunnarsdóttir.

Að sögn Sigríðar Hrannar var Súðavík eini þéttbýlisstaðurinn á norðanverðum Vestfjörðum þar sem ekki var Rauðakrossdeild starfandi og þar sem mikill áhugi var á stofnun slíkrar deildar, var ákveðið setja hana á stofn. Stjórn Rauðakross Íslands þarf að staðfesta stofnun deildarinnar og hefur henni verið sent erindi þess efnis.

„Verkefni Súðavíkurdeildarinnar verða hin sömu og hjá öðrum deildum, m.a. að sinna fræðslu um Rauða krossinn, söfnunum vegna hjálparstarfs erlendis, neyðarvörnum, námskeiðahaldi fyrir félagsmenn og ýmsum fjárfundunarverkefnum. Síðan hafa deildirnar valverkefni og get ég nefnt t.d. deildina á Flateyri í

því sambandi. Deildin þar er með ákveðið verkefni í gangi en hún fékk fjármagn til þess úr sérverkefnasjóði Rauða krossins. Samtals er um að ræða eitt stöðugildi sem skiptist milli nokkurra einstaklinga m.a. vegna vinnu við félagsmiðstöð unglinga, opins húss í Brynjubæ fyrir aldraða og íþróttastarfs hjá ungmennafélögum. Einnig hefur verið staðið að tölvunámskeiðum og námskeiðum í sjálfseflingu og öðru slíku svo eitthvað sé nefnt,“ sagði Sigríður Hrönn í samtali við blaðið. Hún segir að á aukaaðalfundi Rauðakrossins, sem haldinn verður 19. apríl, verði væntanlega samþykkt breyting á tekjuskiptingu til deildanna þannig að þær fái 5% af óskiptu fé tekna, sem fást vegna spila-kassa Rauðakrossins.

„Þessi 5% eru ætluð til að fjármagna fastan kostnað hjá deildunum en það ætti að styrkja starf þeirra mjög,“ sagði Sigríður Hrönn, en hún vildi hvetja sem flesta íbúa Súðavíkur-hrepps til að ganga til liðs við Súðavíkurdeild Rauða krossins og leggja með því góðum málefnum lið.

Ísafjarðarbær

Sameiginlegur leikjadagur grunnskólana

Næsta föstudag verður sameiginlegur leikjadagur fyrir alla grunnskólana í Ísafjarðarbæ. Þá koma nemendur á aldrinum 6-12 ára úr skólunum á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Holti í heimsókn í skólann á Ísafirði. Börnin munu leika sér saman allan daginn, þau yngri frá kl. 8:30-13:00 og þau eldri frá kl. 13:00-17:00. Farið verður í ýmsa leiki, bæði úti og inni á mörgum stöðvum. Meðal stöðva má nefna Ævintýraland sem íþróttakennararnir útbúa í gamla íþróttahúsinu, en þar verða ýmis töl og tæki notuð á óhefðbundinn hátt. Dansað verður í sal skólans, andlits-

málun fer fram á Silfurtorgi, farið verður í hokki á skólalóðinni, boltaleiki, snú-snú, stór-fiskaleik og margt fleira. Vænst er aðstoðar og þátttöku frá nemendum úr elstu bekkjum Grunnskólans á Ísafirði og einnig hafa foreldrar boðið aðstoð sína.

Leikjadagurinn nær sem fyrr segir til nemenda í 1.-7. bekk, en í vor verður haldið „Vor-mót“ í svipuðum dúr fyrir elstu nemendur skólanna

Markmiðið með þessum degi er að nemendur innan sveitarfélagsins kynnist og eigi ánægjulegan dag saman við útiveru og leiki.

Til sölu

Kaupfélag Dýrfirðinga, Þingeyri, framlengir frest til þess að afla tilboða í eignarhluta sína í jörðunum Botni og Dröngum í Dýrafjarðarbotni.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins. Tilboðin þurfa að berast eigi síðar en mánu-daginn 21. apríl n.k. kl. 16:00.

Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða til-boði sem er eða hafna öllum.

Kaupfélag Dýrfirðinga.

Á Eyri
Veitingastaður
Kaffihúsið
Mánuga 1 - Síma 550 0300
Tilboðnað 1998



Veislur

Tökum að okkur matar- eða kaffiveislur fyrir hverskonar mannfagnaði í heimahúsum eða veitingasölum svo sem fermingar, gift-ingar, árshátíðir og fleira. Leigjum út sali til funda og annarra mannfagnaða.



ÍSAFJARÐARBÆR

VEITINGAREKSTUR Í TJÖRUHÚSI

Ísafjarðarbær auglýsir eftir aðila til að taka að sér veitingarekstur frá 1. júní til 31. ágúst 1997, í Tjörúhúsi Neðsta-kaupstað, auk annarra veitinga í frið-lýstum húsum í Neðstakaupstað.

Ísafjarðarbær leggur til húsnæði og þann tækjabúnað sem fyrir hendi er til veitingareksturs, en leigutaki leggur til borðbúnað og önnur áhöld.

Á boðstólum skulu vera léttar veit-ingar í þjóðlegum stíl. Leigutaki skal hafa tilskilin leyfi til veitingareksturs. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Um-sóknum skal skilað á skrifstofu Ísa-fjarðarbæjar fyrir kl. 12:00 mánu-daginn 28. apríl.

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar.

Vélvirkjar Bifvélavirkjar

Óskum eftir að ráða vélvirkja og eða bifvélavirkja.

Upplýsingar veitir Pétur eða Valgeir í síma 456 3711.



Prymur hf., - Vélsmiðja

Til sölu í miðbænum

Hús Jafnaðarmannafélags Ísafjarðarbæjar við Silfurtorg (Kratahöllin) er til sölu.

Húsið selst í einu lagi eða hver hæð fyrir sig.

Upplýsingar gefa Eiríkur Kristófersson í símunum 456 4289 og 853 1689, og Guð-mundur G. Nielsson í síma 456 3828.



Námskeið

Námskeið í stjórn og meðferð gaffallyftara, vörubílskrana körfubíla, steypudælubíla, valtara og dráttarvéla með tækjabúnaði verður haldið á Ísafirði ef næg þátttaka fæst, þriðjudaginn 29. apríl kl. 19:00 -23:00 og laugardaginn 3. maí kl. 9:00 - 18:00.

Verð kr. 9.000,- pr. mann

Upplýsingar og skráning í síma 456 4464 milli kl. 8:00 og 12:00.

Vinnueftirlit ríkisins, Ísafirði.

3X-Stál flytur í nýtt húsnæði

Fyrirtækið 3X-Stál á Ísafirði hefur flutt starfsemi sína í nýtt og glæsilegt 530m² húsnæði að Sindragötu 14, en fyrirtækið var áður til húsa að Suðurtanga 7. Í hófi, sem haldið var á föstudaginn vegna þessara tímamóta, kom fram að fyrirtækið hefur vaxið stöðugt frá upphafi, en þar starfa nú tíu manns.

Í 3X-Stál er framleiddur

vélbúnaður úr ryðfrú stáli fyrir sjávarútveginn og hefur fyrirtækið selt framleiðslu sína um allt land.

„Við erum með um tuttugu rækjuverksmiðjur í viðskiptum í dag sem hafa keypt hjá okkur búnað og þjónustu. Þetta eru innmötunarkerfi sem samanstanda af karahvolfara, færiböndum og iðntölvustýringum sem deila hráefni inn á pillunar-

vélar. Einnig seljum við spiraldælur og skammtavogir sem skammta t.d. rækju í poka, auk allskyns vöru úr ryðfrú stáli.

Við keyptum blikksmiðju s.l. haust en þar er aðallega unnið að smíði og uppsetningum á loftræstikerfum fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Við erum að fara að bjóða upp á þjónustusamninga fyrir þá sem vilja láta fylgjast reglulega með



Eigendur 3X-Stáls í opunarhófinu. Frá vinstri: Páll Harðarson, Albert Högnason og Jóhann Jónasson.

loftræstikerfum en þá er skipt reglulega um stúr og þess háttar og tryggt að kerfin vinni eins og þau eiga að gera.“

Að sögn Jóhanns, verður þessi nýja aðstaða til þess að afkastageta framleiðslunnar eykst og vinnuaðstaða starfsmanna stórbatnar. Hann segir að hingað til hafi skortur á viðunandi aðstöðu staðið fyrir tækinu fyrir þrifum og að það

hafi ekki getað annað eftirspurn. 3X-Stál hefur verið í samstarfi við danskan aðila og segir Jóhann að í gegnum hann hafi verið selt drjúgt af búnaði til sjávarútvegsfyrirtækja í Danmörku. Fyrirspurnir erlendis frá hafa verið að aukast og er Jóhann bjartsýnn á framtíðina hvað það varðar.

Öll hönnun og smíði á vélbúnaði fer fram hjá 3X-Stál og hefur fyrirtækið nýtt sér Internetið til að skiptast á teikningum við viðskiptaaðila sína vítt og breytt um landið, en um 60% af sölu síðasta árs var til staða utan Vestfjarða.

„Vinnan sem við erum í, felur í sér að við þurfum að vinna skipulagsteikningar fyrir viðskiptavinum okkar. Við sendum þeim og öðrum teiknistofum myndir og teikningar og við notum Internetið mjög mikið í þessi samskipti. Þessi möguleiki hefur nýst okkur vel og við höfum selt mjög mikið

út á þetta. Þetta hefur gefið okkur ákveðna sérstöðu - að geta sýnt viðskiptavininum nákvæmlega hvað hann er að kaupa og hvernig það komi til með líta út í húsinu hjá honum. Við höfum einnig fengið viðbrögð við heimasíðunni okkar víða að úr heiminum. Enn er þó ekki hægt að rekja sölu beint til heimasíðunnar en við höfum samt notað hana sem stuðning við sölu þegar við fáum fyrirspurnir. Við höfum getað bent mönnum á að skoða vörur okkar á Netinu, þannig að þeir hafa ekki þurft að bíða eftir að fá upplýsingarnar í pósti. Þeir kveikja bara á tölvunni hjá sér, skoða vörurnar og fá allar upplýsingar um þær samtundis,“ sagði Jóhann Jónasson í samtali við blaðið, en eigendur 3X-Stál eru auk hans, þeir Albert Högnason og Páll Harðarson.



Fjölmenni var í opunarhófinu sem haldið var á föstudag.



Eigendur Hótel Ísafjarðar, Áslaug Alfredsdóttir og Ólafur Örn Ólafsson.

Hótel Ísafjörður kynnir nýtt hádegishlaðborð

Á föstudaginn kynnti Hótel Ísafjörður nýbreytni í starfsemi, en forsvarsmenn hótelsins hafa ákveðið að bjóða upp á léttu rétti af hlaðborði í hádeginu á þriðjudögum og föstudögum á vægu verði. Ætlunin mun vera að breyta reglulega til en á föstudaginn var boðið upp á ýmsa suðræna og mexíkóska rétti, ásamt pasta, hrísgrjónaréttum og súpu. Fjöldi fólks mætti á hótelið til að kynna sér þessa nýjung og virtist gestum líka vel það sem fyrir það var borðið.

Til sölu

Til sölu er Tangagata 24, Ísafirði. Verð kr. 11.300.000,-

Upplýsingar veitir Óli Þór í síma 456 3763.



Er hægt að losna við „appelsínuhúð“?



CLINIQUE
100% Ílmefnalaust

NEI - megunakúr eða líkamspjáltnu duga ekki til að fjarlægja „appelsínuhúð“, en hjálp er að finna.

Ójafnt yfirborð húðarinnar á mjóðum og lærum verða til vegna líkamslitu og lélegs húðstyrks. Hverjar fá þetta? Konur af öllum stærðum í mismunandi formi á öllum aldri.

FIRM BELIEVER nýja líkamskremið frá Clinique byggir upp og bætir teygjanleika húðarinnar svo yfirborðið verður sléttara og styrkara á 6 - 8 vikum

GLÆSILEGT KYNNINGARTILBOD

- FIRM BELIEVER body treatment ásamt kaupauka
- Rakakrem 15ml
- Make-up farði 15ml
 - Dæg- og næturkrem 7ml
 - Varaltta, plum jam
 - Augnskuggi nr. 93
 - Hársprey
 - Hárburði

VERD KR. 2.885,-



Raðgjafi frá CLINIQUE verður í versluninni föstudaginn 18. apríl frá kl. 11:00 til kl. 12:00



„Fíknó á elliheimilið?“

Sú fregn sem í senn var spaugilegust og sorglegust um helgina var frá lögreglunni á Ísafirði komin. Sjónvarpið flutti þá frétt á sunnudagskvöldið var, að lögreglan á Ísafirði hefði framkvæmt húsleit í einbýlishúsi á Ísafirði og fundið 130 grömm af hassi, 11 grömm af amfetamíni, 7, grömm af maríjúana, auk áhalda til að brúka herlegheitin, þýfi og hvorki meira né minna en 100 hass- eða kannabíspöntur. En auk þess kom fram sannleikanum samkvæmt án nokkurs vafa, að 8 manns hefðu verið handteknir á aldrinum 30 til 72 ára.

Nú er það alls ekki fyndið að finna þessi ógnar býsn af fíkniefnum í húsi á Ísafirði. Því þetta hlýtur að teljast æði mikið á mælikvarða okkar Vestfirðinga. Það er út af fyrir sig gleðilegt að lögreglunni skuli hafa tekist svo til að þessu sinni að finna þetta magn. Það verður þá ekki í umferð. Nóg er nú víst samt. En fyndið er það alls ekki.

Einhverjum dettur sjálfsgat í hug að það hafi hreinlega ekki verið einbýlishús, heldur gróðurhús, sem leitað var í. En venjulegi fólk sem ekki þekkir vel til blómarræktunar og enn síður til ræktunar á jurtinni cannabis sativa er ekki kunnugt um hversu mikið pláss þarf til. En einmitt þess vegna var betra að taka fram að um einbýlishús væri að ræða.

Hitt kom skýrt fram að þessar viðkvæmu jurtir, sem hafa meðal annars fundist á leiðum í kirkjugarðinum í Hafnarfirði í fyrra sumar, hefðu verið undir hitalömpum. Sjálfsgat eiga þeir að örva vöxtin og mun sjálfsgat ekki af veita ef einkaneyslan réttlætir allt það magn sem að framan var talið.

En það sem vakti mesta athygli fjölmiðla útvarpsins að minnsta kosti, var að í hópi hinna handteknra skyldi hafa verið 72 ára gamall maður. Ekkert kom þó fram um það hvort hann hefði græna fingur eins og sagt er um þá sem er flínkir í blóma- og jurtarræktun.

Ellismellur í dópi

„Sjötíu og tveggja ára í fíkniefnum“ sagði í fyrirsögn á baksíðu DV í gær. En þegar fréttin var lesin kom ekkert fram í henni annað en gamli maðurinn hefði verið handtekin. Þess vegna hefði alveg eins verið hægt að nota þessa millfyrirsögn. En gamli maðurinn mun ekki hafa játað á sig fíkniefnaneyslu. Það verður lesið út úr öllum fréttum af málinu.

Það er spaugilegt hvað aldur þessa ólánsmanns sem tengist húsleitinni, skiptir miklu máli. Jafnframt er það sorglegt að sjötíu og tveggja ára gamall maður skuli hljóta landsfrægð um allt Ísland fyrir það eitt að búa við þær aðstæður að vera inni á heimili manns sem játar á sig eign alls þessa magns fíkniefna. Einhverjum kynni þó að vera huggun í því að með hitalampana inni á heimilinu ætti gamla manninum að vera sémilega hlýtt. Nú gæti auðvitað verið að hitalampanir hefðu verið teknir með hassplöntunum eitthundrað. Þarf ekki að skoða aðstæður þessa manns í framhaldi þessa fréttalutnings. Það kom reyndar fram í samtali við sýslumanninn á Ísafirði í Rás 2 á mánudaginn að gamli maðurinn væri frjáls að því að búa við þær aðstæður sem hann kysir sér. Friðhelgi einkalífs tryggði honum það. En þessir embættismenn eru allir eins. Þeir svara engum spurningum beint, þessi vísaði beint í stjórnarskrána og friðhelgi heimilissins.

Félagsmálafyrirvöld á Ísafirði veittu engar upplýsingar samkvæmt því er kom fram í útvarpinu.

Kjör aldraðra

Þær spurningar vakna í framhaldi af þessari húsleit við hvaða kjör aldraðir kunni að þurfa að búa. Ætli nokkrum manni á fullorðinsaldri dyljist hvaða hús og hvaða mann er um að ræða. Hvað verður um gamla manninn ef húseigandinn sem átti fíkniefnin fær fangelsisdóm, sem er svo sem ekkert víst? Hver gætur hans þá? Röðin mun sennilega vera komin að félags-málayfirvöldum í Ísafjarðarbæ. Hafa þau kynnt sér aðstæður hans og hvernig hann er settur ef hann þarf að yfirgefa umrætt hús?

Margir velja því fyrir sér hvort þau hafi sofið á verðinum. Málið er sérstakt en félagsmálaráð er sá aðili sem einna helst getur gripið í taumana.

Eini kosturinn við málið er sá að athyglin hverfur frá öðrum sviðum Ísafjarðarbæjar í bili. Málið er samt sorglegt.

Stakkur

BAKKI



Starfsfólk óskast í:

Fiskvinnslu

Upplýsingar gefa Albert / Guðjón í síma 456-7500

Rækjuvinnslu og pökkunarstöð

Upplýsingar gefa Halldór / Rúnar í síma 456-7500



Munið

breyttan opnunartíma til kl. 23:00 á virkum og frá kl 14:00 til kl. 24:00 á helgum

Vídeó Höllin - við Norðurveg 456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. The Nutty Professor
2. Twister
3. Time to kill
4. Escape from LA
5. Multiplicity
6. Eraser
7. Heaven's Prisoner
8. The Fan
9. Island of Dr...
10. Lonestar

http: góðar a NETINU

http://www.imasof.com/tsc/g1/A8JPG/A8Mission.html

Á þessari heimasíðu eru upplýsingar um fyrsta leiðangurinn umhverfis tunglið.

http://www.mwpc.com/everythi.htm

Hérna er allt sem þú þarft að vita um vatn.

http://www.geocities.com/~tarantulas/euro.htm


Þessi síða er ein að mörgum um Eurovision keppnina en á henni er hægt að allar upplýsingar um keppnina og þar á meðal um flytjanda Íslands þetta árið, Pál Óskar.

SPÓLAN TÆKINU



LoneStar

Þetta er lágver en afar sterk og gripandi saka-málamynd, með Chris Cooper, Kris Kristofferson og Ron Canada í aðalhlutverkum. Þér er boðið að koma að sjá vettvang glæpsins!



Horfur á fimmtudag: Hæg vestlæg eða breytileg átt. Þurr um mest allt land og víðast skýjað með köflum. Hiti 4 til 8 stig, en 1 til 3 með norður- og norðausturströndinni.

Horfur á föstudag og laugardag: Vestlæg átt gola eða kald. Skýjað og hætt við þokusúld suðvestan- og vestanlands, en bjartviðri víðast annars staðar. Hiti 3 til 9 stig, en næturfröst norðan- og austanlands.

Á sunnudag og mánudag litur út fyrir hægá breytilega eða norðlæga átt. Létt-skýjað í flestum landshlutum og kólnandi veður.

Til sölu er **Íbúðin** að Brekkugötu 1, Þingeyri sem er neðri hæð í tvíbýlishúsi. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 4204

Óska eftir **notuðu sjónvarpi**, ekki minna en 22", helst með textavarp. Upplýsingar í síma 456 8107

Ísskápur óskast fyrir lítinn pening eða gefins. Upplýsingar í síma 456 3387

Til sölu 20", **6 gíra hjól**, er í ágætu ástandi. Verð kr. 3000. Upplýsingar í síma 456 3261

Óska eftir **húsnæði** til leigu strax. Upplýsingar í síma 456 5383

Til sölu grænn **Silvercross barnavagn**, vel með farinn. Upplýsingar í síma 456 3616

Óska eftir **herbergi** eða lítilli íbúð til leigu á eyrinni. Upplýsingar í síma 456 3606 eftir kl. 21

Til sölu **Kawasaki Vulcan 700**, árgærd '84, innflutt '95. Vel útlítandi og vel ekið hjól. Upplýsingar í síma 456 4212

Til sölu **Fjarðargata 5 á Þingeyri**, sem er timburhús byggt 1915. Upplýsingar í síma 456 8153 eða 456 8256

Til sölu fjögur ný **sumardekk á felgum**, 175x65x14. Einnig dráttarkrókur á opel Astra. Upplýsingar í síma 456 3852, Óli.

Til sölu **Toyota Tercel**, árgærd 1985. Upplýsingar í síma 456 3437, eftir kl. 18

Til sölu **Rafha miðstöðvar-**

hitun með þremur hitatúpum, samtals 22,5 kw og sérstökum hitaspírál fyrir neysluvatn. Framleitt í des. 1981, í góðu ástandi. Upplýsingar í síma 456 4640

Úr tapaðist! Á föstudaginn s.l. varð ég fyrir því óláni að tapa úrinu mínu einhvers staðar á leiðinni frá pósthúsinu að Samkaupum. Finnandi er vinsamlega beðinn um að skila úrinu á lögreglustöðina eða hafa samband í síma 456 3598. Guðni Ásmundsson.

sölu. Upplýsingar í síma 456 3629, Hugrín og Gunnar.

Til sölu 3ja ára, 4ra manna **Clara hústjald** frá seglagerðinni. Upplýsingar í síma 456 4642 eða 853 1830

Reglusamt og reyklaust par óskar eftir **íbúð eða herbergi** með eldunaraðstöðu á Ísafirði í sumar eða jafnvel lengur. Upplýsingar í síma 552 9421, Dána eða Róbert.

Til sölu **hjólaskautar og hnélífar**, stærð 32, fyrir 6-7 ára.

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Nú er **tækifærið!** Til sölu einbýlishúsi ásamt bílskúr að Tangagötu 24, Ísafirði. Sjón er sögu ríkari. Verð kr. 11.300.000,- Upplýsingar í síma 456 3763

Til sölu **sófasett**. Verð kr. 25 þúsund, stgr. Upplýsingar í síma 456 4330, Björk.

Tveggja ára **Irish Setter** hundi vantar gott heimili, fæst gefins. Einnig er til sölu **vatnsrúm**, 160x200cm, svart að lit, lítíð notað og vel með farið. Selst á góðu verði. Upplýsingar í síma 456 4953

Til sölu **hillusamstæða**, þrjár einingar og Yamaha skemmtari. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 3587

Draumahúsið að Móholti 9, er til

Verð kr. 3.500,- fyrir hvoru-tveggja. Upplýsingar í síma 456 3882

Óska eftir að kaupa **dekk**, 600 eða 700x 15". Upplýsingar í síma 456 7348

Til sölu **Mazda 323**, 4ra dyra, árgærd '87, ekinn 120 þúsund km., falletgur bíll. Upplýsingar í síma 456 6184 eftir kl. 17

Íbúðin að Hafnargötu 101, Bolungarvík er til sölu ef viðunandi tilboð fæst. Íbúðin er 43,3m² ásamt 17,6m² kjallara. Upplýsingar gefur Bjarni Sigurðsson í síma 456 7143

Árgangur 1958! Hittumst Á Eyrinni síðasta vetrardag, 23 apríl, kl. 21. Hvetjið brottflutta til að „Gjúgga“ vestur. Munið barmmerkin síðan síðast. Nefndin.

Lítið sætt **einbýlishúsi** á besta stað

í bænum til sölu nú þegar. Upplýsingar í síma 456 3881

Til sölu **MMC Galant LTD**, árgærd '91. Upplýsingar í síma 456 4642 eða 853 1830

Pylsvagn til sölu, tilvalið fyrir einstaklinga eða félagsamtök. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegt fólk. Upplýsingar í síma 456 7279

Til sölu **raðhús** að Hafraholti 16, Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 4734

Kanínur fást gefins. Óska eftir notuðum línuskautum nr. 37-38. Upplýsingar í síma 456 3421

Griptu tækifærið á meðan það gefst! Til sölu glæsileg 2ja herbergja íbúð í Hnifsdal. Tilboðsverð aðeins 1.500.000,- Hringdu og fæðu að skoða, engin útborgun. Upplýsingar í síma 456 3128

Til sölu Arngrímur H, sem er hvítur MMC Colt EXE, árg. '92, ekinn 90 þús. km. Upplýsingar í síma 456 7256, Hálfán.

Til sölu **14 feta hraðbátur** á vagni ásamt 40ha Yamaha utanborðsmotor. Nánari upplýsingar gefur Sturla í síma 456 3450

Tvær 12 volta **tölvufæravindur** til sölu, DNG og Atlander. Upplýsingar í síma 456 3814

Til sölu **Motorola GSM sími**, ásamt fylgihlutum. Upplýsingar í síma 456 7358

Óska eftir að kaupa **byssu**. Upplýsingar í síma 896 2854



UM HELGINA DISKÓTEK

FÖSTUDAGS- OG LAUGAR-
DAGSKVÖLD TIL KL. 03:00



SÆGREIFARNIR

SKEMMTA Á LAUGAR-
DAGSKVÖLD TIL KL. 03:00

ÍSÁFJARÐARBIÓ

Romeo og Julia

Sunnudag, mánudag og
þriðjudag kl. 21:00

Extreme Measures

Fimmtudag
og föstudag
kl. 21:00



Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

ÍSÁFJÖRÐUR:

- Vitinn:** Söluhorn í 34m² húsnæði á besta stað í bænum. Nánari upplýsingar á skrifstofu. Tilboð óskast.
- Fjarðarstræti 14:** 95m² sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt 2/3 hluta kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
- Sunnuholt 1:** Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m² ásamt 40m² bílskúr. Verð: 15.500.000,-
- Dalbraut 10:** 115m² einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-
- Miðtún 31:** 190 m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.
- Mánagata 6:** Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
- Silfurgata 11:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
- Stakkanes 6:** Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
- Mjallargata 6:** Norðurendi, 2x40m² 4ra herbergja íbúð ásamt tvöföldum bílskúr. Íbúðin er laus. Verð: 3.600.000,-
- Strandgata 7:** Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
- Pólgata 4:** 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
- Urðarvegur 60:** Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.



Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-



Völusteinsstræti 4: 2x126m² einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 9.500.000,-

BOLUNGARVÍK:

- Miðstræti 6:** 93m² timburhús. Verð: 700.000,-
- Völusteinsstræti 9:** 130m² einbýlishús ásamt bílskúr. Verð kr. 6.800.000,-
- Völusteinsstræti 28:** 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgeft að utan. Verð: 7.000.000,-
- Kirkjuvegur 2:** 214m² glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulagi.
- Ljósaland 6:** 2x126m² einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 4.000.000,-
- Hafnargata 46:** Allt húsið. Selst ódyrt.
- Stigahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
- Traðarland 10:** Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
- Traðarland 24:** 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
- Vitastígur 11:** Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.
- Vitastígur 21:** 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-

SUÐUREYRI:

- Hlíðarvegur 3:** 147m² tvílyft einbýlishús auk 40m² bílskúrs. Eignin er í mikilli niðurníðslu og selst ódyrt.
- Aðalgata 9:** U.þ.b. 90m² einbýlishús.

FLATEYRI:

- Ránargata 5:** Gamalt járnlegið timburhús sem er illa farið. Verð 500.000,-

PINGEYRI:

- Fjarðargata 6:** Einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er illa farið og selst ódyrt.
- Vallargata 6:** 98,6m² raðhús á einni hæð. Verð 2.600.000,-



Sigurvegarar í stórsvigi 8 ára stúlkna. Dagný Sveinsdóttir, Helga Guðrún Magnúsdóttir og Sandra Kristinsdóttir.

Básafellsmótið í svigi og stórsvigi

Fjölmennt mót ungra skíðakappa

Um síðustu helgi fór fram í Tungudal, fjölmennt skíðamót, sem haldið var í samvinnu Skíðafélags Ísafjarðar og sjávarútvegsfyrirtækisins Básafells hf., á Ísafirði. Keppt var í svigi og stórsvigi 7-12 ára og voru þátttakendur með fjölmennasta móti. Þar voru félagar í Skíðafélaginu auk starfsmanna Básafells sem sáu um allan undirbúning mótsins. Úrslit á mótinu urðu sem hér segir:

Í stórsvigi 7 ára stúlkna sigraði Guðrún H. Gunnarsdóttir á tímanum 84.54, önnur varð Þóra Marý Arnórsdóttir á 86.55 og Katrín Eiríksdóttir varð þriðja á tímanum 90.76. Í stórsvigi 7 ára drengja sigraði Einar Ægir Hlynsson á 94.79, annar varð Hermann Hafþórsson á 95.08 og Arnar Friðrik Albertsson varð þriðji á 97.59. Í stórsvigi 8 ára stúlkna sigraði Helga Guðrún Magnúsdóttir á 83.05, önnur varð Dagný Sveinsdóttir á 88.41 og Sandra Kristinsdóttir varð þriðja á 91.75. Sveinbjörn Pétursson sigraði í stórsvigi 8 ára drengja á tímanum 72.60, annar varð Snævar Víðisson á 74.65 og þriðji varð Óskar Á. Albertsson á 86.40.

Í stórsvigi 9 ára stúlkna sigraði Inga Rut Kristinsdóttir á tímanum 1.28.98 og önnur varð Katrín Þorbergsdóttir á 1.31.59. Tómas Sölvason sigraði í stórsvigi 9 ára drengja á tímanum 1.04.70, annar varð Loftur Jóhannsson á 1.05.63 og þriðji varð Sveinn Ingi Valgeirsson á 1.07.88. Sigríður Heiða Kristjánsdóttir sigraði í stórsvigi stúlkna á tímanum 1.06.99, önnur varð Birna Pálsdóttir á 1.16.17 og þriðja varð Jónína Guðbjartsdóttir á 1.17.84. Einar Ási Guðmundsson sigraði í stórsvigi 10 ára drengja á tímanum 1.12.53 og Andri Víðisson varð annar á 1.22.68.

Tinna Hlynisdóttir sigraði í stórsvigi 11 ára stúlkna á tímanum 1.12.60, önnur varð Valgerður Kristjánsdóttir á 1.18.53 og þriðja varð Sara Pálmadóttir á 1.23.12. Snævar Sölvason sigraði í stórsvigi 11 ára drengja á 1.10.22, annar varð Erlingur Jónsson á 1.14.31 og þriðji varð



Sigurvegarar í stórsvigi 8 ára drengja. Snævar Víðisson, Sveinbjörn Pétursson og Óskar Á. Albertsson.

Haukur Halldórsson á 1.28.45. Arna Lind Arnórsdóttir sigraði í stórsvigi 12 ára stúlkna á tímanum 1.07.98, önnur varð Lára Betty Harðardóttir á 1.08.07 og þriðja varð Guðný Þórsdóttir á 1.10.94. Sigurður Pétursson sigraði í stórsvigi 12 ára drengja á 1.05.34, annar varð Einar Bjarni Eyþórsson á 1.05.56 og þriðji varð Karl Einarsson á tímanum 1.06.12.

Í svigi 9 ára stúlkna sigraði Inga Rut Kristinsdóttir á 1.23.72 og önnur varð Katrín Þorbergsdóttir á 1.30.55. Tómas Sölvason sigraði í svigi 9 ára drengja á 1.12.61, annar varð Sveinn Ingi Valgeirsson á 1.18.17 og þriðji varð Eyþór Bjarnason á 1.19.76. Sigríður Heiða Kristjánsdóttir sigraði í svigi 10 ára stúlkna á 1.14.54, önnur varð Jónína Guðbjartsdóttir á 1.39.32 og þriðja varð Halldóra Halldórsdóttir á 1.42.15. Einar Ási Guðmundsson sigraði í svigi 10 ára drengja á 1.18.42 og annar varð Andri Víðisson á 1.34.93.

Tinna Hlynisdóttir sigraði í svigi 11 ára stúlkna á tímanum 1.48.98, önnur varð Valgerður Kristjánsdóttir á 1.51.40 og þriðja varð Rut Jóhannsdóttir á 2.09.91. Snævar Sölvason sigraði í svigi 11 ára drengja á tímanum 1.42.30. Í svigi 12 ára stúlkna sigraði Lára Betty Harðardóttir á tímanum 1.35.89, önnur varð Guðný Ósk Þórsdóttir á 1.36.96 og þriðja varð Sólveig Erlingsdóttir á 1.39.61. Karl Einarsson sigraði í svigi 12 ára drengja á 1.32.43, annar varð Sigurður Pétursson á 1.34.08 og þriðji varð Einar Bjarni Eyþórsson á tímanum 1.37.39.

OROBLU20% kynningar-
afsláttur á
föstudag**KRISMA**
Ljómnu Skerði
IS 456 4414**ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRDUM**
Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

**NEGLUR**
NEGLUR
KRISMA
Ljómnu Skerði
IS 456 4414**18 ára Bolvíkingur dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir stórfellda líkamsárás**

Stakk hnífi í andlit og öxl og sló fórnarlambið samtímis

Átján ára Bolvíkingur, var á föstudag dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir stórfellda líkamsárás sem átti sér stað aðfaranótt laugardagsins 22. júní 1996, á mótis við skemmtistaðinn Víkurbae í Bolungarvík. Ákærði, réðst á fórnarlambið, þar sem það sat í farþegasæti bifreiðar og stakk það nokkrum sinnum með hnífi í andlit og hægri öxl auk þess sem hann sló fórnarlambið samtímis nokkur högg með hægri hönd sinni sem var í gifsumbúðum, allt með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut tvö stungusár á hægri öxl og eitt stungusár á efri vör sem náði inn í munnholið, auk þriggja minni sára á efri vör. Þá kom sprunga í efri kjálkabein og fjórar tennur brotnuðu.

Í dómsniðurstöðu segir að að fresta skuli fullnustu tólf mánaða af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. greinar hegningarlaga. Til frádráttar refsivist kemur þriggja daga gæsluvarðhald ákærða. Þá var ákærða gert að greiða fórnarlambinu kr. 1.054.669.- með dráttarvöxtum frá 2. október 1996 til greiðsludags auk þess sem honum var gert að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, kr. 120.000.- og saksóknarlauð í ríkissjóð, kr. 120.000.

Í niðurstöðu dómsins segir m.a.: „Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna og önnur gögn málsins, að ákærði hafi greint sinn veist að fórnarlambinu, þar sem hann sat í bifreiðinni HP-978 og stungið hann einu sinni með hnífi í andlit og tvívegis í hægri öxl og samtímis slegið hann nokkur högg með hægri hendi, sem var í gifsumbúðum, allt með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru.”

Ákærði kvaðst hafa haldið á lokuðum vasahnífnum milli þriggja fingra hægri handar og hafi blað hnífsins vísað út frá lófa hans. Hann kvaðst hafa ætlað að nota hnífinn þannig sem höggvopn í árás sinni en fyrir sakir óhappatilviljunar hafi hnífsblaðið með einhverjum óútskýrðum hætti sveiflast úr hnífsskeftinu og stungist tvívegis í öxl fórnarlambins og skorið gegnum efri vör þess, án þess að ákærði hafi veitt því athygli. Ákærði reyndi fyrir dómi, bæði við rannsókn og meðferð málsins, að sýna dómara og sakflytjendum hvernig hnífsblaðið hefði sveiflast úr skeftinu og kvað þurfa til þess ákveðinn hnykk. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ákærða, sem og sækjanda við aðalmeðferð, sem sló vasahnífnum margsinnis af fullu afli í innréttingar dómsalarins með líkum hætti og ákærði sagðist hafa beitt hnífnum, hreyfðist hnífsblaðið ekki úr

stað.

Þegar þetta er virt og litið er til samhljóða framburðar vitna, taldi dómurinn hafið yfir allan skynsamlegan vafa, að ákærði hafi verið búinn að bregða hnífsblaðinu er hann lagði til fórnarlambins með hnífinn að vopni, en miðað við lýsingu ákærða sjálfs á því hvernig hann hafi haldið á hnífnum var

talið afar ósennilegt, að hnífurinn hafi opnast við það eitt að slást utan í hurðarkarm bifreiðarinnar. Þá jók það ekki á trúverðugleika framburðar ákærða, að annað tveggja hnífsblaga er gengu í hægri öxl fórnarlambins, fór í gegnum fjórfalt lag af leðri og fódri í jakka fórnarlambins, áður en hnífsoddurinn hafnaði í öxl

þess við mót axlar- og brjóstvöðva. „Er ljóst, að til þess þurfi þungt högg, sem traudla verði veitt með þremur fingrum gifsklæddrar handar,” eins og segir í dómsniðurstöðu.

Við ákvörðun refsingar var litið til aldurs ákærða, þess að hann hefur ekki áður sætt refsingu, svo og þess að hann hefur gert sér far um að bæta úr

afleiðingum háttseminnar með samþykki á bótakröfum árársþola. Á hinn bóginn var ekki fram hjá því horft, að árás ákærða var tilefnislaus og heiftúðug og þykir mildi að ekki fór verr.

Dóminn kvað upp Jónas Jóhannsson, héraðsdómari Vestfjarða.

**Frosti hf. í Súðavík**

Klemmdist í rækjufæribandni

Á miðvikudaginn í síðustu viku, vildi það óhapp til í Frosta hf. í Súðavík, að kona, sem vann við þrif, festi hendi í rækjufæribandni. Konan klemmdist illa þegar hún freistaði þess að ná tusku sem festist í færibandinu og brotnuðu báðar pípurnar í upphandlegg hennar. Konan var flutt með sjúkrabifreið á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og mun líðan hennar vera eftir atvikum góð.



Jósefína Gísladóttir, formaður Zontaklúbbsins Fjöngynjar, afhendir Dragönu Zastavnikovic styrkinn. Með þeim á myndinni eru, talið frá vinstri: Emma Rafnsdóttir, Anna G. Thorarensen, Laufey Haraldsdóttir og Ardis Gunnlaugsdóttir stjórnarkonur í klúbbum. Auk þeirra situr Inga Vagnsdóttir í stjórninni.

Zontaklúbburinn Fjöngyn Ísafirði

Afhendir Dragönu fyrsta fjárstyrkinn

Fyrsta starfsári Zontaklúbbsins Fjöngynjar á Ísafirði er nú að ljúka. Starfsemi klúbbsins í vetur hefur gengið mjög vel að sögn stjórnarkvenna. Markmið Zonta er að styrkja konur úr öllum stéttum til menntunar og eflingar í atvinnulífi.

Ákveðið var að fyrsti fjárstyrkur Zontakvenna í Ísafjarðarbæ og í Bolungarvík, rynni til að styrkja Dragönu Zastavnikovic kennara, til að sækja norrænt þing móðurmálskennara í serbo-kroatísku, í Svíþjóð í sumar. Dragana hefur starfað

við grunnskólann og dagheimilið Hlíðarskjól, við kennslu júgóslavnesku barnanna á móðurmáli þeirra.

Um helgina halda Zontakonur landsþing sitt á Ísafirði, en á lokahófinu verður formleg stofnskrárhátíð Fjöngynjar.